

„RÝMI KOMA MEÐ SÚREFNI“

*Úttekt á húsnæðismálum sjálfstæðra sviðslista á
höfuðborgarsvæðinu og tillögur til úrbóta*

Vigdís Jakobsdóttir

Leikstjóri og menningarráðgjafi

Skýrsla unnin að beiðni Menningarráðuneytis og Reykjavíkurborgar 2025

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Samantekt: Niðurstöður og tillögur	5
3. Markmið og aðferðafræði	7
Skilgreiningar á hugtökum	7
4. Samhengið: Starfsumhverfi sjálfstæðra sviðslista	8
Fjármögnun	8
Fjöldi uppsetninga	9
Tengsl grasrótar og stofnana	9
5. Helstu sviðslistarými í dag	10
Tjarnarbíó	11
Dansverkstæðið	13
Borgarleikhúsið	14
Þjóðleikhúsið	15
Iðnó	17
Harpa	18
Tóma rýmið	19
Sirkushúsnæði Hringleiks, Sævarhöfða	20
Gamla bíó	20
Háskólabíó/Afturámóti	21
Sjálfstæðissalurinn við Austurvöll	21
Gaflaraleikhúsið, Hafnarfirði	22
Bæjarbíó í Hafnarfirði	23
Salurinn í Kópavogi	23
Norræna húsið	23
Leikhúsið í Kópavogi	24
Svarti kassinn í LHÍ, Laugarnesi	24
Önnur æfinga- og sýningarými	25
6. Þarfagreining	26
Helstu áskoranir	26
Þarfir og óskir listafólks	27
7. Tillögur til úrbóta í húsnæðismálum sviðslista á höfuðborgarsvæðinu	30
TILLAGA 1: Fullnýting rýma í opinberri eigu	30
TILLAGA 2: Svartur kassi - Nýtt sýningarrými á höfuðborgarsvæðinu	32
TILLAGA 3: Móta skýra framtíðarsýn í húsnæðismálum dansins / Danshús.	33
TILLAGA 4: Færanlegt leiksvið	33
8. Lokaorð	34

1. Formáli

Úttekt þessi á húsnæðismálum sjálfstætt starfandi sviðslistafólks og -hópa á höfuðborgarsvæðinu var unnin að beiðni Reykjavíkurborgar og Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis á fyrri hluta árs 2025.

Sjálfstæðar sviðslistir stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í íslensku menningarlífi, veita rými fyrir ólíkar raddir og sjónarhorn og eru jafnframt mikilvægur starfsvettvangur fyrir fjölda listafólks þó starfsumhverfið sé að mörgu leyti bágborið.

Á undanförnum árum hafa háværar raddir af þessum vettvangi, og þá ekki síst úr ranni Bandalags sjálfstæðra leikhúsa (SL), bent á mikinn skort á æfinga- og sýningarrýmum á höfuðborgarsvæðinu og hafa kallað eftir úttekt af þessu tagi.

Í Menningarsókn - aðgerðaáætlun um listir og menningu sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneyti 2021¹ og gildir til ársins 2030 er talað um að „[r]áðist verði í að bæta starfsumhverfi listamanna og sjálfstætt starfandi innan skapandi greina“. Í fyrstu heildstæðu stefnu í málefnum sviðslista á Íslandi² sem menningarráðuneytið lét vinna árið 2024 komst starfshópur að þeirri niðurstöðu að húsnæðismál væru ein helsta áskorun sjálfstætt starfandi sviðslistafólks og -hópa og að aðstaða hafi ekki þróast í takt við vöxt greinarinnar. Í stefnunni er kallað eftir úttekt á aðstöðu sviðslista (aðgerð 3.1.3.), líkt og þeirri sem hér fer fram, sem grundvelli frekari aðgerða og stefnumótunar.³

Ein af þremur megin áherslum í menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021–2030 er: „Reykjavík — borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í“ og tvær aðgerðir snúa beint að húsnæðismálum listgreina:

6.3 Stutt er við faglegt umhverfi lista með því að efla listrými, vinnustofur og aðra aðstöðu listafólks og skapandi framleiðenda.

6.4 Reykjavíkurborg mun auðvelda og auka aðgengi listrænnar starfssemi að ónýttu húsnæði víða í borginni, bæði í einkaeigu sem og húsnæðis sem borgin hefur til umráða.⁴

¹ Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030, MRN 2021, stjornarradid.is

² (Drög að sviðslistastefnu 2025–2030, Menningar- og viðskiptaráðuneytið, haust 2024)

³ (Drög að sviðslistastefnu 2025–2030, Menningar- og viðskiptaráðuneytið, haust 2024, bls. 2) Sviðslistastefnan hefur þegar þetta er ritað ekki enn verið lögð fyrir Alþingi, þar sem m.a. óvæntar kosningar haustið 2024 stöðvuðu framgang hennar.

⁴ Reykjavíkurborg: List og menning í Reykjavík 2030 – Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021–2030 (Reykjavík 2021).

Í ársbyrjun 2023 lenti Tjarnarbíó, sem réttilega er nefnt heimili sjálfstæðu sviðslistanna, í miklum fjárhagsvanda þrátt fyrir metaðsókn og fullnýtta aðstöðu árið á undan⁵. Umræðan um viðvarandi húsnæðisskort sjálfstæðra sviðslista komst þá í hámmæli. Reykjavíkurborg og menningarráðuneytið tóku í kjölfarið upp samtal sín í milli sem leiddi til samkomulags um stuðning við vettvanginn með þrjú markmið að leiðarljósi: 1) Að efla innviði með sérstakri áherslu á Tjarnarbíó, 2) gera úttekt á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu og 3) framkvæma rekstrarúttekt á Tjarnarbíó. Rekstrarúttektin var gerð í janúar 2024⁶, en þessi skýrsla uppfyllir markmið númer tvö.

Ég vil þakka ráðherra og borgaryfirvöldum fyrir að gefa þessum málum gaum. Ég þakka SL fyrir frumkvæðið á sínum tíma og öllum viðmælendum mínum og þátttakendum í viðhorfskönnunum fyrir þeirra mikilvæga framlag til umræðunnar. Þá vil ég að lokum þakka sérstaklega tengiliðum mínum hjá menningarráðuneyti og Reykjavíkurborg, Mörtu Nordal og Arnfríði Sólrúnu Valdimarsdóttur fyrir gott samstarf.

Reykjavík, september 2025

Vigdís Jakobsdóttir

⁵ Ekki er hægt að láta hjá líða að nefna það hér að snemma árs 2025, skömmu eftir að framkvæmdastjóra hafði verið sagt upp störfum, kom í ljós að sá hinn sami hafði dregið að sér mikið fé úr rekstrinum árin á undan. Að mati núverandi leikhússtjóra Tjarnarbíós spiluðu þessar milljónir vissulega inn í tapreksturinn, en vandi Tjarnarbíós er þrátt fyrir þetta umtalsverður, sérstaklega hvað varðar nauðsynlega endurnýjun tækjabúnaðar.

⁶ Úttekt á rekstri leikhússins Tjarnarbíós, unnin af Huldu Ingimarsdóttur að beiðni menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar (desember 2023 – janúar 2024)

2. Samantekt: Niðurstöður og tillögur

Kjarni þessarar skýrslu og þarfagreiningar er viðhorfskönnun sem lögð var fyrir snemma vors 2025. Spurningalisti var líka sendur til rekstraraðila helstu viðburðarstaða og gerð var atlaða að því að kortleggja helstu æfinga- og sýningarými sjálfstæðra sviðslista á höfuðborgarsvæðinu (5. kafli).

Skýrsluhöfundur tók auk þess viðtöl við stjórnendur helstu menningarstofnana sem hýsa sviðslistir: Borgarleikhúss, Þjóðleikhúss, Tjarnarbíós, Dansverkstæðisins og Hörpu. Þá var rætt við listdansstjóra Íslenska dansflokksins, stjórnendur LHÍ, formann Sjálfstæðu leikhúsana ofl. Einnig var rætt við ýmsa fulltrúa frá borginni og menningarráðuneyti.

Helstu niðurstöður stöðumats og þarfagreiningar eru í stuttu máli þessar:

- **Sjálfstæðir sviðslistahópar eru á miklum á hrakhólum með æfingahúsnæði.** Mikið er verið að „redda sér“ og tími sem fæst á sviði á sýningarstað er oft mjög takmarkaður. Bæði æfingatími og sýningafjöldi skerðist vegna húsnæðisskorts.
- **Fjöldi æfinga- og sýningarstaða uppfylla ekki öryggis- og heilbrigðiskröfur** og víða er ekki aðgengi.
- **Tjarnarbíó er eina leikhúsið sem helgar sig alfarið sjálfstæðum sviðslistum** á höfuðborgarsvæðinu og þar komast miklu færri að en vilja þrátt fyrir að allt sé gert til að koma sem flestum sýningum að.
- **Samstarf við stóru húsin** er í raun eina leiðin fyrir sjálfstæða hópa til að komast í aðstæður til að æfa og sýna við kjöraðstæður en sárafaír hópar komast að í slíkt samstarf og í einhverjum tilfellum kvarta hóparnir yfir að vera jaðarsettir inni í húsunum þó þeir komi með framleiðslufjármagn frá Sviðslistasjóði með sér. Þjóðleikhús og Borgarleikhús lýsa bæði yfir vilja til að halda núverandi fyrirkomulagi áfram en hvorugt leikhúsið sér fyrir sér að geta boðið fleiri sjálfstæðum hópum til samstarfs en nú er.
- **Nýr svartur kassi Þjóðleikhússins mun ekki bæta úr stöðunni** í húsnæðismálum sjálfstæða geirans.
- **Kallað er eftir svörtum kassa (sveigjanlegu sýningarrými)** úr öllum áttum og er mikill og skýr samhljómur meðal listafólks í þeim efnum.
- **Danshús hefur aldrei verið byggt á Íslandi** og mörg dreymir um að það verði að veruleika. Mikil samstaða er í dansheiminum um þann draum.
- **Hrá og óhefðbundin rými þykja eftirsóknarverð**, þar sem t.d. má skrúfa í vegg og gólf ef þörf er á. Kallað er eftir fjölbreytileika í rýmum.

Eftirfarandi tillögur eru gerðar á grunni þarfagreiningar, viðtala og kortlagningar á húsnæðismálum sjálfstæðra sviðslista. Tillögunar eru útfærðar nánar og rökstuddar í kafla 7 í þessari skýrslu:

1. Fullnýting rýma í opinberri eigu

Hámarka á nýtingu þess húsnæðis sem þegar er í opinberri eigu og henta til æfinga og sýninga á sviðslistum. Þannig má bregðast fljótt við brýnustu húsnæðisþörf sjálfstæðu senunnar án verulegs tilkostnaðar.

- **1.1 Nýr sviðslistakjarni: Sameina rekstur Tjarnarbíós og lðnós undir einum hatti** þegar samningur lðnós rennur út 2026. Nýtt rekstrarform myndi skapa öflugri grunn fyrir sjálfstæðar sviðslistir og hátíðir, bæta aðstöðu til æfinga og sýninga og auka slagkraft í kynningum og samstarfi.
- **1.2 Tilraunaverkefni: Listamannadvöl í óhefðbundnum rýmum** á vegum borgarinnar þar sem hópar fengju rými í 2–3 vikur gegn því að skila einhverju til nærsamfélagsins (t.d. vinnusmiðju, sýningu í vinnslu).

2. Svartur kassi – nýtt sýningarrými

Þörf er á sveigjanlegu, hráu og aðgengilegu sýningarrými („svörtum kassa“) sem rúmar 100–200 áhorfendur sem allra fyrst. Eitt slíkt rými myndi gjörbreyta starfsumhverfi sjálfstæðra hópa. Mögulegar leiðir: aðlögun opinbers húsnæðis, samstarf við LHÍ, uppbygging í nýju hverfi eða sérhæft rými fyrir dans/barnaleikhús/sirkus.

3. Framtíðarsýn í húsnæðismálum danslistar – Danshús

Dansgeirinn hefur aldrei fengið sérútbúið húsnæði á Íslandi. Mikil samstaða er um nauðsyn Danshúss sem gæti sameinað Íslenska dansflokkinn, Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival, og leyst að stórum hluta húsnæðisvanda danslistar. Brýnt er að móta skýra framtíðarsýn um slíkt hús í samstarfi ráðuneytis og fagfólks.

4. Færanlegt leiksvið

Fjárfesta í færanlegu leiksviði með sviðspalli, grunntækjabúnaði og tjöldum sem rúmast í sendibíl. Þetta myndi gera hópum kleift að setja upp sýningar hvar sem er, auka aðgengi og auðvelda ferðalög út fyrir miðborg og höfuðborgarsvæði. Umsjón gæti verið hjá tækjaleigu, leikhúsi, SL, nýjum sviðslistakjarna eða Sviðslistamiðstöð.

3. Markmið og aðferðafræði

Markmið skýrslu þessarar er tvíþætt:

- Að leggja mat á framboð og gæði æfinga- og sýningarrýma fyrir sviðslistir á höfuðborgarsvæðinu, með sérstakri áherslu á starfsskilyrði sjálfstætt starfandi listafólks.
- Að meta húsnæðisþörf til framtíðar og gera tillögur úrbóta.

Úttektin grundvallast á þeirri afstöðu að aðstaða og húsnæðismál sviðslista hafi bein áhrif á gæði listsköpunar, möguleika til atvinnu og aðgengi almennings að fjölbreyttu lista- og menningarlífi.

Hér verður sérstök áhersla lögð á húsnæðismál sjálfstæðra sviðslista á höfuðborgarsvæðinu -þess ört stækkandi mengis listafólks og -hópa sem starfa utan stóru opinberu stofnananna: Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins. Þetta eru aðilar sem njóta hvorki fastra framlaga frá ríki né borg og hafa nánast undantekningalaust ekki fast aðsetur eða vinnuaðstöðu til umráða.

Gagnaöflun fór fram á síðari hluta árs 2024 og fyrri hluta árs 2025. Hún byggir á:

- Kortlagningu og greiningu helstu sviðslistarýma sem eru í notkun í dag.
- Tveimur viðhorfskönnunum meðal sviðslistafólks (til virkra á vettvangi og óvirkra).
- Könnun meðal rekstraraðila rýma.
- Viðtölum við stjórnendur sviðslistastofnana og aðra hagaðila.
- Rýni í stefnur ríkis og borgar í menningarmálum, skýrslur og greinar.

Samspil þessara gagna veitir prýðilega mynd af stöðu mála í dag og liggur til grundvallar greiningu og þeim tillögum sem gerðar eru í lok skýrslunnar.

Skilgreiningar á hugtökum

Hér er hugtakið **sviðslistir** notað um listform sem byggja á lifandi flutningi í sviðsetningu og eiga sér stað í beinum samskiptum við áhorfendur. Undir þetta falla bæði hefðbundin og óhefðbundin form, þar á meðal leikhús, barnasýningar, dans, tónlistarleikhús, brúðuleikhús, ópera, sirkus, kabarett/burlesque, drag og ýmis tilraunakennd verk sem blanda saman ólíkum listgreinum.

Uppistand, sem notið hefur aukinna vinsælda á síðustu árum, getur í sumum tilvikum fallið undir þessa skilgreiningu. Hins vegar er það yfirleitt síður háð æfingaaðstöðu, sviðsbúnaði og tækni-innviðum en önnur sviðsverk. Af þeim sökum fellur uppistand að mestu utan meginmarkmiðs þessarar úttektar, sem beinist að rýmum sem uppfylla lágmarksskilyrði fyrir æfingar, tæknilega vinnu og sýningar.

Með **sviðslistarýmum** er í þessu samhengi átt við rými sem henta til æfinga og/eða sýninga á ofangreindum listformum.

Svartur kassi er þekkt hugtak innan sviðslista sem á við sveigjanlegt sýningarrými með lágmarks fasta innviði, oftast svartmálað í hólf og gólf. Nokkurs konar auður strigi fyrir sviðslistir sem hægt er að aðlaga að hverri sýningu fyrir sig með því til dæmis að áhorfendarrými og leikrými getur verið hvar sem er í rýminu.

4. Samhengið: Starfsumhverfi sjálfstæðra sviðslista

Landslag sviðslista á höfuðborgarsvæðinu er gjörólíkt því sem var fyrir einungis einum til tveimur áratugum. Þó Íslenski dansflokkurinn, Þjóðleikhús og Borgarleikhús standi sem fyrr sterkum fótum og skipti miklu máli sem vinnustaðir og sviðslistastofnanir hefur sjálfstætt starfandi sviðslistahópum og fagmenntuðu listafólki fjölgað mikið (meðal annars vegna aukins framboðs á sviðslistanámi í LHÍ) og vettvangurinn hefur bæði breikkað og eflst faglega.

Frumnýningar á nýjum íslenskum sviðsverkum utan stóru leikhúsanna skipta tugum á hverju leikári og listræn gæði margra þeirra eru algerlega samkeppnishæf við sýningar stóru stofnanana, eins og tilnefningar til Grímuverðlaunanna á undanförunum árum endurspeгла. Þá hafa listform eins og drag, burlesque/kabarett og sirkus fest sig í sessi á undanförunum árum.

Fjármögnun

Samkeppnin um fjármögnun verkefna úr opinberum sjóðum er hörð. Árið 2025 hlutu 12 atvinnuleikhópar styrk úr Sviðslistasjóði til uppsetningar á jafn mörgum sýningum, en alls var sótt um fyrir 115 verkefni. Til samanburðar voru umsóknirnar 105 árið 2014 og árið 2010 voru þær 95⁷. Fjöldi umsókna hefur þannig aukist jafnt og þétt en Sviðslistasjóður hefur rýrnað að raungildi sé hann uppreiknaður samkvæmt vísitölu. Á sama tíma hafa starfslaun listafólks (listamannalaun) þó tekið lítilsháttar breytingum til batnaðar.

Margar sýningar rata alla leið á svið án nokkurs opinbers stuðnings. Listafólk vinnur oft launalaust, setur upp sýningar sínar í óhefðbundnum rýmum, æfir gjarnan í heimahúsum og sýnir við óviðunandi aðstæður. Sjaldan er það svo að miðasala skili tekjum umfram það sem þarf til að ná upp í kostnað við leigu á tækjabúnaði og/eða sýningarhúsnæði. Ljóst má vera að þessi staða er ekki sjálfbær til lengdar og margt hæfileikaríkt og vel menntað listafólk

⁷ „20 verkefni fá úthlutun úr Leiklistarsjóði,“ *Vikurfréttir*, 9. febrúar 2010, sótt af <https://www.vf.is/athygli/20-verkefni-fa-uthlutun-ur-leiklistarsjodi>

neyðist til þess að hverfa alfarið til annarra starfa áður en það nær að taka út fullan þroska í sínu fagi, jafnvel þó takist að fjármagna stöku sýningar inn á milli. Í viðhorfskönnun og viðtölum töluðu fleiri en einn þátttakandi um viðvarandi „spekileka“ úr íslenskum sviðslistum.

Örfá dæmi eru um einfaldar leiksýningar sem settar eru upp í hagnaðarskyni og þá án opinberra styrkja. Sem dæmi um slíkt framtak sem hefur gengið upp á undanförunum árum má nefna einleikinn *How to Become Icelandic in 60 minutes* sem sýndur hefur verið frá árinu 2012 í Kaldalóni í Hörpu og miðar að erlendu ferðafólki. Yfir 100 þúsund áhorfendur hafa séð sýninguna sem hefur verið sýnd hátt í 1000 sinnum. Þetta ákveðna dæmi gengur upp vegna þess að sýningakostnaður er í lágmarki (lítil umgjörð og aðeins einn leikari), og sýningastaðurinn, Harpa, laðar að sér ferðafólk sem er síkvikur markhópur sem endurnýjast daglega.

Fjöldi uppsetninga

Nánast ómögulegt er að taka saman heildarfjölda þeirra sviðsverka sem sett eru upp á Íslandi ár hvert, þar sem þeim upplýsingum er hvergi safnað miðlægt. Einhver vísbending liggur í fjölda verka sem eru skráð til þátttöku í Grímunni en þar sem framleiðendur sjálfir að skrá sýningar til þátttöku og greiða gjald fyrir, vantar óhjákvæmilega umtalsverðan fjölda sýninga úr grasrótinni þarna á blað. Þó má líta á aukinn fjölda skráninga í Grímuna á undanförunum þremur árum sem vísbendingu um þá grósku sem er á vettvanginum. (Sýningar stóru stofnanaleikhúsanna eru með í samtölunni):

Sýningar skráðar í Grímuna 2023-2025⁸

Ár	Leikverk	Dansverk	Óperur	Útvarpsverk	Barnaleikhúsverk	Heildarfjöldi
2023	39	5	9	–	–	53
2024	33	9	5	1	13	61
2025	33	13	8	1	11	66

Tengsl grasrótar og stofnana

Sjálfstæðar sviðslistir starfa ekki í algeru tómarúmi. Á hverju ári fær valinn hluti sjálfstæðra sviðslistahópa samstarfssamninga við Íslenska dansflokkinn, Þjóðleikhús og Borgarleikhús og er töluverð samkeppni um að komast í slíkt samstarf á hverju ári. Þessir samningar, yfirleitt 1-3 á ári hjá hverri stofnun, eru ávallt bundnir við tiltekin verkefni og veita því aðeins tímabundið skjól. Þeir eru jafnframt nánast undantekningalaust háðir því að viðkomandi hópar hafi þegar tryggt sér framleiðslufé með styrkjum. Þessir samningar tryggja hvorki aðgang að aðstöðu né starfsöryggi til lengri tíma en skipta miklu máli fyrir hópana. Fyrirkomulag samstarfsins er ólíkt eftir verkefnum, allt frá því að vera einfalt samkomulag

⁸ Gríman. „Tilnefningar til Grímunnar 2023–2025.“ Sótt af <https://www.griman.is/tilnefningar-til-grimunnar-2023/>, <https://www.griman.is/tilnefningar-til-grimunnar-2024/> og <https://www.griman.is/tilnefningar-til-grimunnar-2025/>.

um sýningakvöld á sviði og skiptingu á miðasölu (gestasýningar) í það að stofnanirnar taki að einhverju leyti þátt í framleiðsluferli og bjóði fram starfskrafta síns samningsbundna listafólks og tæknideilda. Slíkar sýningar eru gjarnan kynntar sem hluti af leikári viðkomandi stofnunar við hlið eigin verkefna.

Hátíðir eins og Reykjavík Dance Festival (RDF), barnaleikhúshátíðin UNGI, Óperudagar og Listahátíð í Reykjavík eru líka mikilvægt bakland fyrir sjálfstæðar sviðslistir þó tímabundnar séu og fjárráðin í fæstum tilfellum mikil. Í stöku tilfellum taka hátíðirnar þátt í hluta framleiðslukostnaðar og/eða deila sýningarkostnaði með þátttakendum en yfirleitt sjá þær aðeins um kynningarstarf, skaffa sýningarhúsnæði og/eða greiða þóknun. Það munar þó um minna fyrir hóp sem hefur úr litlu að spila. Líkt og í stóru leikhúsunum byggist samstarf við hátíðir nær alltaf á stökum verkefnum en ekki langtímasamstarfi.

Ljóst er af öllu ofangreindu að sjálfstætt starfandi sviðslistafólk býr bæði sveiflukenndar og viðkvæmar aðstæður hvað varðar fjármögnun og samstarf til lengri tíma. Þar við bætist hörgull á heppilegu húsnæði til æfinga og sýninga sem verður fjallað ítarlega um í næstu köflum.

5. Helstu sviðslistarými í dag

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á að fá yfirsýn yfir þau rými sem nýtt hafa verið til æfinga og sýninga í sjálfstæðum sviðslistum á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2022–2024. Upplýsingar voru dregnar saman með spurningakönnun meðal starfandi sviðslistafólks og óformlegri könnun í lokuðum hópi sjálfstætt starfandi sviðslistafólks á Facebook.

Sendur var út spurningalisti til allra sem hlotið hafa stuðning úr Sviðslistasjóði og/eða starfslaun listamanna frá árinu 2022–2024 síðla vetrar 2025. Sami spurningalisti var sendur út og deilt á ýmsa hópa sviðslistafólks, í gegnum póstlista Sviðslistamiðstöðvar meðal annars, og sérstök áhersla var einnig lögð á að ná til yngra sviðslistafólks eftir ýmsum leiðum.

51 einstaklingar sem eru virkir á vettvangi sjálfstæðra sviðslista svöruðu könnuninni / þarfragreiningunni. Mörg svöruðu fyrir hönd hópa sem þau leiða þannig að á bakvið þessi svör eru töluvert fleiri einstaklingar en talan gefur til kynna. Að auki svöruðu 7 styttri könnun sem hugsuð var fyrir þau sem ekki hafa verið með verk í vinnslu eða sýningum eftir 2022.

Yfir 2/3 hluti svarenda úr hópi starfandi sviðslistafólks (35 af 51) höfðu tekið þátt í verkefnum sem fengu stuðning úr Sviðslistasjóði og/eða starfslaun listamanna fyrir verkefni sem raungerðust á tímabilinu sem litið er til (1. Ágúst 2022 til loka árs 2024). Yfir helmingur svarenda hafði notið stuðnings frá Reykjavíkurborg á sama tímabili.

Flestir svarenda vinna með leiklist (68,6%), þá dans (37,3%), óperu (23,5%), sirkus (17,6%), burlesque/drag (13,7%) og brúðuleikhús (11,8%). Vel yfir helmingur svarenda hefur verið virkur á vettvangi sviðslista í meira en áratug.

Könnun var einnig gerð meðal rekstraraðila/umsjónaraðila húsnæðis sem hefur verið nýtt fyrir sviðslistir á undanförunum árum. Forsvarsfólk 14 viðburðastaða svaraði könnuninni. Um 85% þeirra nefndu að þétt dagskrá væri helsta hindrunin gagnvart því að hýsa verkefni sjálfstæðra hópa. Sviðslistir þurfa tíma á sviði fyrir æfingar og uppsetningu sem oft samræmist ekki öðrum rekstri viðburðarýmanna. Yfir 75% rekstraraðila bentu á að fjármögnun og vanmáttur sviðslistahópa til að greiða leigu væri líka fyrirstaða

Sýningastaðir og æfingarými sem hafa verið nýtt á þessu tímabili eru margvísleg að gerð og umfangi og samtals voru yfir 120 rými nefnd til sögunnar. Auk leikhúsa og sérútbúinna æfingasala má þar nefna heimahús, skólahúsnæði ýmiss konar, söfn, íþróttahúsnæði, tónleikastaði og iðnaðarhúsnæði. Hluti rýma er í eigu eða umsjá opinberra aðila en önnur eru alfarið rekin af sjálfstæðum aðilum eða eru í eigu fyrirtækja. Flestir hóparnir neyðast til þess að nýta sér fleiri en eitt æfinga/sýningarými í hverju verkefni.

Hér verða þau rými sem helst eru nýtt fyrir æfingar og sýningar á sviðslistum talin upp, þeim lýst stuttlega og kostir þeirra og gallar ræddir út frá þörfum sjálfstæðu sviðslistasennunar.

Tjarnarbíó

Tjarnarbíó gegnir algeru lykilhlutverki sem vettvangur sjálfstæðra sviðslista á höfuðborgarsvæðinu. Húsnæðið er í eigu Reykjavíkurborgar og rekið af Menningarfélaginu Tjarnarbíó en borgin styður við starfsemina með rekstrarframlagi og húsnæðis- og tækjaleigusamningi. Að öðru leyti reiðir leikhúsið sig á miða- og veitingasölu.

Í viðhorfskönnun kom ítrekað og skýrt fram að listafólk meti það mjög mikils að hafa til umráða leikhús sem þjónar sérstaklega sjálfstæðu sennunni. Listamanneskja sem þekkir Tjarnarbíó vel og hefur samanburð við önnur leikhús í borginni segir: „Sviðið í Tjarnarbíó er frábært svið sem getur hýst fjölbreyttar tegundir verkefna, bæði minni og stærri verkefni og verkefni úr ólíkum listgreinum. Hljómburðurinn í húsinu er sérstaklega góður. Aðgengi er mjög gott og bak-aðstaða fyrir flytjendur hefur bæst til muna undanfarin ár. Tæknimálin í Tjarnarbíó eru að þrotum komin eins og vitað er og Tjarnarbíó líður mjög fyrir það.“ Önnur listamanneskja segir: „Tjarnarbíó er eina alvöru sviðið sem er ekki stofnun – en það er yfirlýsing og við þurfum að aðlagja okkur að mjög þröngum ramma.“⁹

Núverandi leikhússtjóri, Snæbjörn Brynjarsson, tekur undir það að eftirspurn eftir rými sé langt umfram það sem húsið ræður við. Jafnvel verkefni sem hlotið hafa framleiðslustyrk fá stundum ekki inni eða þurfa að bíða mánuðum saman eftir lausu tímabili. Þá kemur fyrir að sýningar sem ganga vel eigi erfitt með að fá heppileg sýningakvöld til umráða og þarf jafnvel að ljúka sýningum fyrr en ósk er og á meðan þær eiga enn mikið inni.

Salurinn í Tjarnarbíó er svartur kassi með brekku sem rúmar allt að 200 áhorfendur. Sviðið er um 8 × 10 metrar að flatarmáli en aðstaða baksviðs er lítil. Æfingatími hvers hóps í salnum er

⁹ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Parfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

skammur, oft aðeins fáir dagar í aðdraganda frumsýninga vegna þess hve salurinn er ásetinn. Þetta hefur að mati listafólks bein áhrif á sköpunarferlið og gæði verka. Bent er á að sá takmarkaði tími sem fæst á sviði „valdi miklu vinnuálagi“ og að vinnutími geti þá farið upp í allt að 18 klst á sólarhring. Þá er tækibúnaður að stóru leyti úreltur og hljóðkerfið hentar ekki öllum tegundum sýninga. Í könnuninni nefndu mörg að þau þyrftu annaðhvort að koma með eigin búnað eða leigja tæki til að geta sýnt verk sín. Í rekstrarúttekt Reykjavíkurborgar var slegið á að til þess að endurnýja búnað að því marki sem æskilegt væri þyrfti að fjárfesta fyrir um 190 milljónir króna á næstu fimm árum. Núverandi leikhússtjóri metur það svo að það þurfi að minnsta kosti 10 milljónir strax til að bregðast við brýnustu þörfinni.¹⁰

Æfingasalur er lítill og óheppilegur að mati svarenda í könnun sem segja hann „ekki boðlegan“ og að hann sé „alltof lítið og aflangt rými“. Talað er um „mjög takmarkað vinnurými“ og að eiginlegt vinnurými sé bara á sviðinu sjálfu.

Skortur á geymslurými í húsinu hefur einnig mikil áhrif. Leikmyndir og tæki þarf gjarnan að hanna þannig að sem minnst fari fyrir þeim og heftir það mjög listrænt frelsi og takmarkar möguleika hópa til að þróa flóknari eða viðameiri verk. Þá var einnig bent á í viðhorfskönnun að Tjarnarbíó henti ekki öllum listformum: „Salurinn er ekki heppilegur fyrir sviðslistir sem krefjast nándar við áhorfendur – sviðið er mjótt og brekkurnar langar,“ sagði einn þátttakandi, og aðrir nefndu að dansverk nytu sín síður þar vegna smæðar sviðsins.

Í rekstrarúttekt borgarinnar frá 2024¹¹ kemur fram að þrátt fyrir góða aðsókn og umfangsmikla starfsemi hafi félagið sem rekur Tjarnarbíó glímt við neikvætt eigið fé og staðið höllum fæti rekstrarlega. Þegar úttektin var unnin var fjárdráttur þáverandi framkvæmdastjóra ekki kominn fram¹² sem sýnir myndina en jafnvel þegar leiðrétt er fyrir þeirri skekkju og þó jafnvægi sé komið á reksturinn í dag er hann áfram viðkvæmur. Starfsfólk sem deilir með sér fjórum stöðugildum sinna tugum frumsýninga á ári og 4–7 viðburðum í viku hverri. Launakjör eru undir því sem tíðkast í stofnanaleikhúsum og starfsmannavelta því óumflýjanlega nokkur.

Þó aðstaðan og fjárhagsstaða Tjarnarbíós setji þröngan ramma um það frelsi og stuðning sem Tjarnarbíó getur veitt sjálfstæðum sviðslistum er er óhætt að fullyrða að leikhúsið er ómissandi skjól og getur með sannri kallast heimili sjálfstæðra sviðslista á höfuðborgarsvæðinu. Listafólk nefnir ítrekað góðan vinnuanda í húsinu og að starfsfólk sé „allt af vilja gert til að styðja við verkefnin“.

¹⁰ Viðtal við Snæbjörn Brynjarsson leikhússtjóra Tjarnarbíós, júní 2025.

¹¹ Tjarnarbíó – rekstrarúttekt. Unnin af Huldu Ingimarsdóttur að beiðni Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar, desember 2023–janúar 2024.

¹² Frétt á Vísi: <https://www.visir.is/g/20252745866d/jatadi-fjardratt-og-endurgreidir-samkvaemt-samkomulagi>, sótt í ágúst 2025.

Dansverkstæðið

Dansverkstæðið við Hjarðarhaga er mikilvægasta æfingahúsnæði danslistarinnar og nýttist mörgum öðrum tegundum sviðslista að auki. Rekstrargrundvöllur starfseminnar eru styrkir frá Reykjavíkurborg og Menningarráðuneyti ásamt leigutekjum frá föstum leigutökum og listafólki. Til þess að dæmið gangi upp þarf Dansverkstæðið að leigja sali sína út fyrir óskylda starfsemi, s.s. ýmiss konar námskeiðahald, sem setur ákveðnar hömlur á nýtingu salanna fyrir listafólkið.

Dansverkstæðið leigir húsnæðið af Reykjavíkurborg sem aftur leigir af fasteignafélaginu Reitum, sem er nokkuð flókið fyrirkomulag. Húsnæðið er almennt mjög vel nýtt en reksturinn hefur samt verið í járnum lengi.

Aðstandendur Dansverkstæðisins telja sig helst þurfa aukið fjármagn og rekstrarsamning við ríkið svo hægt sé að fjölga starfsfólki og efla starfsemina. : „Við erum eina æfingarrýmið af þessu tagi á öllu höfuðborgarsvæðinu og gífurleg aðsókn í að vera hjá okkur.“ Það sé „mikilvægt að bæta aðstöðu þegar kemur að tækni og minnka aðra útleigu sem tengist ekki listafólki eins og t.d Taekwondo-námskeið eða önnur regluleg námskeið sem hafa áhrif á listræna starfsemi hússins.“¹³

Hver sem er getur leigt sér æfingahúsnæði á Dansverkstæðinu en félagsmenn (sem greiða árgjald, 14.500 kr.) fá helming afslátt af leigu. Salur 1 kostar til dæmis 4000 krónur á tímann í almennt leigu en félagsmenn greiða 2000 kr.

Dansverkstæðið býður upp á einnar viku residensíu fyrir útskriftarnema úr LHÍ og einnig er erlendu listafólki og/eða listafólki með takmarkað fjármagn oft boðið aðgengi að salnum þegar hann er laus. Öll mega nýta sameiginlega aðstöðu á neðri hæð við umsóknarskrif og annað og veitt er ráðgjöf ef þarf og eftir getu starfsmanna.¹⁴

Dansverkstæðið, líkt og Tjarnarbíó, leggur mikið upp úr því að halda utanum samfélag listafólks og styðja við það eftir megni. Í viðhorfskönnun kemur fram almenn ánægja með Dansverkstæðið, bæði aðstöðuna og utanumhaldið. Listafólk nefnir að auðvelt sé að bóka rými þó oft sé mikil samkeppni um salina. Bent er á að hljóðvist og hljóðkerfi sé ábótavant og að oft sé mikið um að vera í húsnæðinu á sama tíma sem getur truflað æfingar. Ekki er hægt að myrkva rýmin fullkomlega sem takmarkar möguleika á tilraunum með lýsingu á æfingum. Þá þarf að skilja við salinn tóman í lok hverrar æfingar þar sem rýmið er nýtt af fleirum á sömu dögum. Dansverkstæðið er ekki með svartan kassa eða eiginlegt sýningarrými heldur er fyrst og fremst æfingarými.

¹³ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

¹⁴ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

Borgarleikhúsið

Borgarleikhúsið er best búið allra sviðslistastofnanna á landinu hvað húsnæði varðar. Byggingin er í eigu Reykjavíkurborgar en rekstur hennar er í höndum Leikfélags Reykjavíkur (LR) og byggist á blöndu opinberra framlaga, sjálfsaflafé í gegnum miðasölu og leigutekjum. Íslenski dansflokkurinn, sem er ríkisstofnun, hefur fast aðsetur í húsinu og er með þjónustusamning við Leikfélagið. Aðrar tilfallandi leigutekjur koma til vegna ráðstefnuhalds, námskeiða og annarra utanaðkomandi viðburða. Samkvæmt stjórnendum Borgarleikhússins¹⁵ skipta þessar leigutekjur húsið miklu máli rekstarlega.

Leiksvið Borgarleikhússins eru þrjú: Stóra sviðið, Nýja sviðið og Litla sviðið. Auk þess er í húsinu lítið æfingasvið sem er mjög sjaldan nýtt fyrir opinberar sýningar.

Stóra sviðið tekur um 550 áhorfendur og er útbúið með hringsviði og öflugum tækjabúnaði. Þar fara fram stórar sýningar Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins. Sviðið er einnig leigt listaskólum til sýninga og til ráðstefnuhalds. Afar sjaldgæft er að sjálfstæðir leikhópar sýni á stóra sviðinu

Nýja sviðið rúmar um 230 gesti og er fjölnota rými með sveigjanlegu sviði og góðum tækjabúnaði. Sviðið er lang eftirsóttasta leiksvið hússins að sögn stjórnenda og komast miklu færri að en vilja. Stærð Nýja sviðsins og sveigjanleiki hentar fjölbreyttum verkefnum, þar á meðal dansi. Skortur á sambærilegum svörtum kössum á höfuðborgarsvæðinu gerir sviðið enn eftirsóttara en ella og flestir sviðslistahópar sem sækjast eftir samstarfi óska eftir að fá að nýta Nýja sviðið.

Litla sviðið tekur um 180 gesti og býður upp á mikla nánd milli leikara og áhorfenda. Það hentar vel fyrir minni sýningar og barnaverk.

Í samningi Reykjavíkurborgar við leikhúsið er kveðið á um að LR skuli „setja upp á eigin vegum fimm nýjar leiksýningar á ári hverju hið minnsta og tryggja a.m.k. tveimur öðrum leikfloknum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsi til æfinga og sýninga með samningum þar um“.¹⁶ Samstarfsverkefni við sjálfstæða leikhópa eru yfirleitt tvö á ári í Borgarleikhúsinu og lýsa hópar sem hafa unnið með LR almennt ánægju sinni með samstarfið. „Samstarfsamningar í Borgarleikhúsinu eru að mínu mati bestu samningarnir fyrir sjálfstæða leikhópa“ segir reynslumikill framleiðandi í viðhorfskönnun. „Borgó hefur tekið mjög vel utanum hópana, mikil og góð viðleitni til aðstoðar er innan allra deilda þannig að verkefni ná alla jafna að blómstra.“¹⁷

¹⁵ Viðtal við Brynhildi Guðjónsdóttur fyrrverandi Borgarleikhússtjóra og Kára Gíslason skipulagstjóra hússins, desember 2024

¹⁶ Endurnýjun á samningi milli Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur ses., Borgarráð Reykjavíkurborgar, 4. nóvember 2024 (MSS24110009)

¹⁷ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni Þarfagreining á sviðslistarýmum (Google Forms, 2025).

Aðspurð lýstu fyrrverandi leikhússtjóri Brynhildur Guðjónsdóttir og skipulagsstjóri hússins Kári Gíslason almennt ánægju með það að taka inn samstarfsverkefni og auðga þannig flóruna af framboði sýninga í húsinu. Hins vegar telja þau að stofnunin hafi ekki bolmagn til að bæta við fleiri sýningum sjálfstæðra hópa án þess að þrengja að eigin sýningarhaldi. Hagkvæmara sé að leigja sali út til ráðstefnuhalds og annarrar óskyldrar starfsemi sem reynir minna á innviði og stoðdeildir leikhússins. Einnig er áskorun fólgin í því að gestasýningar þessara hópa séu eðli málsins samkvæmt túlkaðar sem hluti af leikári Leikfélags Reykjavíkur út á við og þannig skapist ímyndartengsl sem stofnunin þurfi að vega og meta vandlega.¹⁸

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið er elsta og stærsta leikhús landsins, með þrjú aðalsvið í notkun: Stóra sviðið, Kassann og Litla sviðið. Þar að auki er Leikhúskjallarinn nýttur undir minni viðburði, leiklestra og tónleika.

Leikhúsbyggingin er í eigu ríkisins og starfsemi þess fjármögnuð að mestu af opinberu fé. Þjóðleikhúsið er burðarás í menningarlegum innviðum þjóðarinnar og starfar fyrst og fremst sem eigin framleiðsluvettvangur.

Stóra sviðið tekur rúmlega 500 manns í sæti og er búið umfangsmiklum tækjabúnaði, lyftum og flugrás. Það hentar einkar vel fyrir stórar sýningar og samsettar uppfærslur í klassískum og nútímalegum leikhússtíl. Sjálfstæð verkefni fá mjög takmarkað aðgengi að þessu rými.

Kassinn er svartur kassi með sveigjanlegu sætakerfi sem rúmar allt að 135 áhorfendur. Rýmið hefur oft verið notað fyrir verk af öllu tagi, ekki síst ný íslensk verk og tilraunakenndar sýningar í eigin framleiðslu leikhússins. Þó að Kassinn henti vel fjölbreyttum verkum eru ekki mörg dæmi um að sjálfstæð verkefni hafi fengið þar inni undanfarin ár.

Litla sviðið (áður Kúlan) er í kjallara Jónshúss við Lindargötu 7. Þar eru smærri barnasýningar gjarnan sýndar og aðrar umfangsminni sýningar, meðal annars samstarfsverkefni.

Leikhúskjallarinn hefur á undanförunum árum verið nýttur fyrir óformlegri verkefni sem oft koma úr sjálfstæðu senunni, svo sem drag og kabarettsýningar, óperusýningar, improv og uppistand. Sem hluti af breyttri stefnu árið 2020 var ákveðið að fækka viðburðum sem standa stakir, s.s. tónleikum og ýmsum uppákomum en viðburðum sem sýndir eru oftast eða falla inn í raðir af ýmsu tagi hefur verið fjölgað.

¹⁸ Viðtal við Brynhildi Guðjónsdóttur Borgarleikhússtjóra og Kára Gíslason skipulagsstjóra Borgarleikhússins, desember 2024.

Þjóðleikhúsið, sem opnaði árið 1950, hefur glímt við verulegan húsnæðisvanda um árabíl. Æfingaaðstaða og geymslur eru af skörum skammti og skortur er á svörtum kassa sem fullnægir listrænum þörfum samtímans og getur að auki gert reksturinn hagkvæmari.

Mikilvæg skref hafa nú verið stigin í þá átt að leysa úr þessum vanda með viljayfirlýsingu stjórnvalda um viðbyggingu við Þjóðleikhúsið sem tilkynnt var um við setningu Menningarnætur 23. ágúst 2025¹⁹. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið árið 2030, á 80 ára afmæli Þjóðleikhússins. Þar verður til svartur kassi af þeirri stærðargráðu sem helst er kallað eftir af vettvangi, bæði frá stofnunum og grasrótinni. Þar verður auk þess æfingasalur og aðstaða fyrir búningageymslu ofl. Á sama tíma verður aðgengismálum í Kassanum og á Litla sviðinu kippt í lag.

Líkt og Borgarleikhúsið, rækir Þjóðleikhúsið skyldur sínar gagnvart sjálfstæðu senunni í gegnum samstarfssamninga um sýningar og sækja allt að 30 hópar um slíkt samstarf á ári. Tvö til þrjú verkefni eru að jafnaði valin til samstarfs. Samstarfssamningar eru mismunandi eftir eðli verkefna og umfangi og gerðir eru sérstakir samningar í hverju tilfalli.

Svo virðist sem það listafólk sem hefur unnið í Þjóðleikhúskjallaranum sé almennt nokkuð sátt og tala um að rýmið „henti vel fyrir burlesque, drag, improv og uppistand.“ Fleiri en einn nefnir þó að æfingar í Kjallaranum séu oft erfiðar þar sem mikill umgangur er um salinn vegna staðsetningar hans í húsinu.

Þegar spurt er um aðstöðu og samstarf í Þjóðleikhúsinu almennt nefna nokkur af sjálfstæða vettvanginum sem unnið hafa í leikhúsinu að þröngt sé um æfinga- og sviðsrými í leikhúsinu og kallast það á við aðra umræðu um húsnæðisvanda Þjóðleikhússins. Nefnt var að ekki væri nægjanlega mikill tími á sviðum og í æfingarymum og einnsagði: „Þröngt á þingi – hef oft æft í fundarherbergjum eða búningasklefum.“ Einhverjir þátttakendur gera athugasemd við það að eigin uppsetningar Þjóðleikhússins njóti ætíð forgangs á rými og tíma starfsfólks á kostnað samstarfsverkefna. Þá nefna sumir þátttakendur þá upplifun sína að samstarfsverkefni séu jaðarsett í húsinu sem valdi óöryggi hjá sjálfstæðu hópunum.

Aðspurður um samstarf Þjóðleikhússins við sjálfstæða vettvanginn segir Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri að fyrirkomulag við val á samstarfsverkefnum sé „markvisst og greinargóðir samningar séu gerðir um forsendur, fyrirkomulag og framlag hvors samstarfsaðila“²⁰. Auglýst er eftir verkefnum til samstarfs einu sinni á ári. Allt að 30 leikhópar sækjast eftir samstarfi við leikhúsið ár hvert en alla jafna eru valin 2-4 verkefni á ári eftir því hvert svigrúmið er. Magnús segir að ákvörðun hafi verið tekin um að bjóða frekar færri samstarfsverkefnum en fleiri í samstarf á undanförunum árum til að geta sinnt hverju

¹⁹ Heimasíða Þjóðleikhússins, <https://leikhusid.is/frettir/samthykkt-ad-reisa-nytt-syninga-og-aefingarymi-vid-thjodleikhusid/>, sótt 25. ágúst 2025

²⁰ Úr tölvupóstsamskiptum við Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóra, september 2025.

verkefni betur og einnig til að auka tíma í rýmum sem hægt er að bjóða hverju verkefni „enda er viðvarandi húsnæðisskortur að hrjá leikhúsið“.

Samstarfi er yfirleitt þannig háttað að samstarfsaðilinn (sjálfstæði hópurinn) er aðalframleiðandi sýningarinnar en leikhúsið er til stuðnings, leggur til húsnæði og veitir aðgang að tilteknum innviðum í húsinu, svo sem tækni og kynningarstarfi. Magnús Geir segir að markmið leikhússins sé að velja verkefni til samstarfs sem falli vel að dagskrá leikhússins. Hann nefnir að til viðbótar við þann grunn sem leikhúsið leggur samstarfsverkefnum til skv. samningi, þá komi yfirleitt „frekari óskir um framlag leikhússins og reynir leikhúsið að mæta þeim óskum sem mögulegt er. [...] Yfirleitt eru óskirnar þó meiri en það sem hægt er að verða við eða uppfylla. Leikhúsið kappkostar að skýrleiki sé í samstarfinu sem endurspeglast í ítarlegum samningi og forsendum. [...] Þá kappkostar leikhúsið að hóparnir upplifi sig sem hluta af Þjóðleikhúsinu.“²¹

Þjóðleikhússtjóri telur fyrirkomulag samstarfsverkefna gott en bendir líka á að leikhúsið starfi í anda stöðugra umbóta. Endurmatsfundir hafi sýnt fram á almenna ánægju með framkvæmdina, eftirspurn sé mikil og flestir hópar sem hafa unnið í húsinu óski aftur eftir samstarfi.

Aðspurður hvort vilji sé til þess hjá Þjóðleikhúsinu að viðhalda núverandi fyrirkomulagi hvað varðar samstarfsverkefni segir þjóðleikhússtjóri að hann telji ekki ástæðu til að breyta núverandi umgjörð. Hins vegar væri óskandi að húsnæðisaðstaða leikhússins væri rýmri en það myndi koma samstarfsverkefnum til góða rétt eins og eigin uppsetningum leikhússins.^[3]

Iðnó

Iðnó er sögufrægt hús sem um áratugabil hýsti Leikfélag Reykjavíkur og er samofið íslenskri leiklistarsögu. Í dag er húsið nýtt fyrir veitingaþjónustu og leigt út fyrir viðburði. Stöku sinnum rata sviðslistir þar inn, ekki síst á vegum hátíða. Iðnó hefur þó oft áður í sögunni verið mun betur nýtt sem sviðslistarými. Sjálfstæður rekstraraðili leigir húsið af Reykjavíkurborg en núverandi samningur rennur út árið 2026.

Listafólk talar um að erfitt sé að komast að í húsinu þar sem „salirnir eru svo oft leigðir út í einkasamkvæmi, ráðstefnur o.fl.“ og nefna líka kostnað: „Æði, en of dýrt fyrir marga fyrir sýningarhald.“

Aðstaðan baksviðs í Iðnó er ekki talin góð og talað um að þar sé í raun ekki pláss fyrir fleiri en þrjá í einu. Sæmilega vel búinni og sögulega mikilvægri búningaaðstöðu í kjallara Iðnó var breytt í veitingageymslu af rekstraraðilum fyrir nokkrum árum sem sýnir vel hvernig hlutverk hússins hefur breyst á undanförunum árum úr sviðslistahúsi í veislusal. Listafólki þykir vænt um þessa byggingu og mörg kalla eftir því að þetta sögufræga hús sé betur nýtt í þágu

²¹ Úr tölvupóstsamskiptum við Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóra, ágúst 2025.

menningar og lista: „Mér finnst að lðnó ætti að vera rekið sem menningarstofnun, en ekki leigurými í einkarekstri.“²²

Harpa

Harpa er glæsilegt tónlistar- og menningarhús við höfnina í miðborg Reykjavíkur og er fjölfarinn ferðamannastaður. Byggingin var opnuð árið 2011 og hýsir fjögur aðalsalarrými: **Eldborg, Norðurljós, Silfurberg og Kaldalón**. Harpa er í eigu ríkis og borgar og rekin sem sjálfstæð eining með eigin stjórn. Áhersla í rekstri Hörpu er fyrst og fremst á tónlist og ráðstefnuhald en þar eru þó stöku sinnum hýstir sviðslistaviðburðir, bæði erlendar gestasýningar og innlend framleiðsla. Íslenska óperan hafði þar aðsetur þar til á síðasta ári og ný Ópera sem nú hefur verið fest í lög mun eiga þar heimili líka þó uppsetningar hennar verði ekki bundnar við Hörpu.

Þó húsnaðið geti í mörgum tilfellum hentað sviðslistahópum mjög vel er rekstrarmódel Hörpu þannig að húsið er háð því að fá inn leigutekjur og verðskráin er einfaldlega of há fyrir flesta hópa. Þegar verkefni koma í Hörpu tekur húsið að sér miðasölu, býður auglýsingu í fréttabréf og er *co-host* viðburðum á samfélagsmiðlum sem eykur sýnileika.

Þátttakendur í viðhorfskönnun segja háa leigu gera það „ómögulegt að setja upp sýningar sem krefjast nokkurra daga æfinga. Einungis er hægt að sýna þar verk sem koma nær fullæfð í hús.“²³ Einn svarenda sagði að Norðurljós væri oft sitt fyrsta val sem sýningarstaður en að dagurinn þar kosti nær hálfa milljón og það segi sig sjálft að það gangi ekki upp.

Í samtali við Svanhildi Konráðsdóttur forstjóra hússins kom fram að Harpa vilji bjóða fjölbreytt listform velkomin en hún undirstrikar þó að húsið sé fyrst og fremst hannað fyrir tónlistarflutning, Hún var spurð hvort áhugi og svigrúm væri mögulega til að bjóða sviðslistahópum að nýta vannýtt rými í húsinu á hagstæðum kjörum, til dæmis yfir sumartímann þegar meiri slaki er í bókunarstöðu í húsinu. Svanhildur sagði að fáar vikur væru lausar yfir árið, en hásumarið gæti þó gefið færi á slíku fyrirkomulagi, sérstaklega ef til kæmi einhver utanaðkomandi stuðningur og utanumhald.²⁴

²² Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

²³ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

²⁴ Viðtal við Svanhildi Konráðsdóttur, forstjóra Hörpu, febrúar 2025.

Tóma rýmið

Tóma rýmið er sjálfstætt rekið sviðslistarými sem staðsett er í Skerjafirði í Reykjavík. Um er að ræða lítið en sveigjanlegt rými sem rúmar allt að 70–80 áhorfendur og er 8 x 12 x 3,5m að stærð.

Rýmið, sem áður var bílaverkstæði, var boðið fram af borginni sem hluti af verkefninu Skapandi Reykjavík árið 2020.

Tóma rýmið er rekið af listafólki í sjálfbóðastarfi og reksturinn er fjármagnaður með leigutekjum. Meðlimir Tóma rýmisins skuldbinda sig í 6-12 mánuði í senn til að skipta með sér húsaleigunni til Reykjavíkurborgar og fá á móti ákeðinn klukkustundafjölda til æfinga í rýminu. Þau hafa auk þess forgang á bókunum. Utanaðkomandi greiða 3.000 kr. á klukkutímann. 4 klst. kosta 10 þúsund kr. og 12 klukkustundir 30 þúsund kr.

Í Tóma rýminu er byggt á hugmyndafræði um sjálfbærar og opinn vettvang fyrir skapandi ferla. Það hefur verið notað fyrir æfingar, vinnustofur, rannsóknarverkefni, sýningar og viðburði sem falla utan hefðbundinna forma. „Algjörlega nauðsynleg viðbót – ekkert annað svona rými stendur til boða“ segir einn svarenda í viðhorfskönnun og mörg fleiri taka í sama streng.

Að sögn eins fulltrúa úr kjarnateymi Tóma rýmisins er húsnæðið ætlað sem æfingarými fyrir sviðslistafólk til þess að þróa vinnu sína í samfellu: „...til að geta starfað án þess að stór verkefnastyrkur liggi fyrir, og er sú vinna alltaf í forgangi. Við höfum fyrst og fremst sýnt okkar eigin verk í rýminu og boðið áhorfendum inn í tengslum við tilraunakvöld, en flest það sem er æft í rýminu er sýnt annarsstaðar. Hinsvegar hefur rýmið verið í samstarfi við ýmsa sviðslistahópa og listahátíðir ef skortur hefur verið á húsnæði.“²⁵

Samkvæmt rekstraraðilum er Tóma rýmið „hreint, hrátt og einfalt rými“ sem var „byggt upp fyrir listsköpun“²⁶. Og aðstaðan er svo sannarlega hrá. Tækjabúnaður er af mjög skorum skammti og búningaaðstaða og geymslupláss lítið sem ekkert. Listafólk bendir á að það sé ekki salernisaðstaða í húsnæðinu og að loftgæði séu alls ekki góð: „Loftræsting mjög léleg... húsið að hrúni komið, sumir finna fyrir myglu.“ Annar segir: „Tóma rýmið er hryllingur, lekur og mygla og kalt og rakt en neyðin kennir og allt það.“

Rýmið hefur þrátt fyrir það hefur reynst afar mikilvægur vettvangur fyrir tilraunir í sviðslistum og þá ekki síst fyrir nýútskrifað sviðslistafólk. Notendur rýmisins lýsa óvissu um framtíðina: „Við vitum ekki hversu lengi við fáum að vera þarna.“²⁷

²⁵ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

²⁶ Könnunin *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

²⁷ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

Tóma rýmið er dæmi um frumkvæði sem sprettur úr grasrótinni, með skýrt hlutverk og sterka tengingu við samfélag listafólks, og þá sérstaklega ungs listafólks. Með hugvitsamlegum hætti hefur aðstandendum tekist að búa til rekstrarmódel sem gengur nokkurn veginn upp þó húsnæðið sé vart boðlegt.

Rekstraraðilar kalla eftir ábyrgri aðkomu borgarinnar: “Þegar við fengum [rýmið] afhent var það gamalt bílaverkstæði með olíublettum og myglu [...] en síðan þá hefur verkefninu innan borgarinnar ekki verið sinnt og við staðið eftir með það sem verður að teljast hálf-ónýtt húsnæði. Við höfum staðið í miklu stappi við borgina til að rýmið sé boðlegt sem vinnurými, sem það dansar yfirleitt á línunni að vera og vera ekki. Við viljum að sjálfsögðu fá að vinna í rými sem er ekki heilsuspillandi en þetta er það sem við höfum, og við höfum lagt allt okkar til að gera það besta úr því.”

Sirkushúsnæði Hringleiks, Sævarhöfða

Sumarið 2021 fékk Hringleikur til afnota húsnæði gömlu Björgunar við Sævarhöfða til sirkusæfinga. Húsnæðið nýtir Hringleikur í samstarfi við Hjólakraft. Þessi aðstaða markaði tímamót í íslenskum sirkus, þar sem ekki hafði áður verið aðstaða til þess að æfa sirkus sérstaklega.²⁸ Rýmið er nýtt til reglulegra æfinga og sköpunarvinnu ásamt sirkuskennslu. Þar eru *rigging punktar* í lofti, sem nauðsynlegir eru fyrir loftfímleika, góð lofthæð (um 7 m.), og vítt til veggja.

Um er að ræða hrátt iðnaðarrými í eigu borgarinnar og þar er hvorki hitaveita né heitt vatn. Listafólk sem nýtir sér rýmið segir það „kólna nánast niður í frostmark á veturna.“

Hringleikur sér um rekstur húsnæðisins sem þau segja „kosta mikla fyrirhöfn, tíma og fjármagn.“ Á sama tíma segja þau sig „lifa í stöðugum ótta um að borgin taki rýmið af okkur“. Hringleikur er því í svipaðri stöðu um margt og aðstandendur Tóma rýmisins – þau eru þakklát fyrir húsnæði sem hentar starfsemi þeirra að mörgu leyti vel – en úrbóta er þörf ef aðstaðan á að geta talist mannsæmandi og viðvarandi óöryggi ríkir um framtíðina.

Gamla bíó

Gamla bíó við Ingólfsstræti í miðbæ Reykjavíkur er sögulegt hús sem í dag er í eigu eignarhaldsfélagsins *Fjélagsins* og rekið af P. Petersen ehf. sem útleigurými og veitingasala. Húsnæðið er fyrst og fremst nýtt fyrir einkasamkvæmi og tónleika en stöku sinnum eru þar sviðsverk. Gamla bíó tekur allt að 400 áhorfendur í sæti og er með hefðbundnu upphækkuðu sviði (pallakerfi sem hægt er að breyta stærð og hæð á með nokkurri fyrirhöfn), flötu gólfi í áhorfendasal, svölum og rýmum baksviðs. Grunn ljósa- og hljóðbúnaður er til staðar en oft þarf að leigja inn búnað aukalega.

Sjálfstæðir hópar hafa á undanförunum árum stöku sinnum nýtt húsnæðið til sýninga en þau nefna árekstra / skipulag í kringum aðra viðburði í húsinu og kostnað sem hamlandi þætti.

²⁸ Af heimasíðu Hringleiks: <https://www.hringleikur.is/huacutesnaeligetthi.html>, sótt 25. ágúst 2025

Mismunandi er hvaða kjör hóparnir fá en alltaf er um útleigu að ræða og hópar sjá t.d. alfarið um eigið kynningarstarf. Listafólk sem hefur nýtt sér Gamla bíó segja það „stórt og dýrt, en allt til alls þar og auðvelt að panta inn meira – en það kostar sitt.“ Þá er talað um að aðstöðu baksviðs sé „mjög ábótavant...lágt til lofts og óöruggur frágangur.“

Rekstraraðilar Gamla bíós minna á að Gamla Bíó sé einkarekið hús án allra styrkja sem standi því miður í vegi fyrir því að hægt sé að taka á móti efnaminni leikhópum eða sviðslistamönnum. „Við höfum þó alltaf reynt að vera liðleg og lagt okkar að mörkum svo þessir hópar hafi stað til þess að setja upp sínar sýningar. Þetta getur þó reynst kostnaðarsamt fyrir bæði okkur og listafólk.“

Sem aðilar sem reka eitt af fáum viðburðarýmum sem er hægt að taka á leigu í borginni eru rekstraraðilar Gamla bíós meðvitaðir um þá húsnæðiskreppu sem sviðslistir og önnur lifandi listform standa frammi fyrir: „Framboðið á húsnæði í borginni er óviðunandi og sorglegt hvað málaflokkurinn hefur lent ítrekað undir í stöðugum niðurskurði til menningarmála. Við stuðlum ekki að menningu með niðurskurði.“

Háskólabíó/Afturámóti

Háskólabíó, sem er í eigu Háskóla Íslands og er kennsluhúsnæði yfir vetrartímann hefur undanfarin tvö ár verið nýtt af ungu sviðslistafólki yfir sumartímann undir nafninu *Afturámóti*. Á heimasíðu þeirra segir: „Afturámóti er sviðslistahús sem einbeitt sér að því að halda úti rými fyrir listsköpun og sýningar sem og að framleiða eigið efni. Okkar markmið er að búa til vettvang fyrir ungt fólk til þess að koma saman innan lista og geta gert tilraunir og rannsóknir innan fagsins.“²⁹ Sumarið 2024 voru sýndar hátt í fjörutíu sýningar á nokkrum glænýjum uppfærslum ungs sviðslistafólks í tveimur söllum Háskólabíós. Leikurinn var endurtekinn sumarið 2025 og var aðsókn á sýningar afar góð.

Það gefur auga leið að húsnæði sem byggt er sem bíó og fyrirlestrarsalir er ekki gallalaust sem leiksvið en hefur það fram yfir mörg önnur rými að öll aðkoma fyrir áhorfendur er til fyrirmyndar: „Ekki leikhús og það er áþreifanlegt... en bauðst frítt til samstarfssýninga“ segir einn svarenda í viðhorfskönnun. Einn svarenda í könnun segir: „...sviðin henta ekkert sérstaklega vel til leiksýninga, grunn og breið, og mikill fjöldi sæta í salnum sem hentar ekki fyrir allar sýningar. Hins vegar býður aðstaðan upp á að fleiri en ein sýning sé sýnd á sama tíma, og með hjálp frá stofnanaleikhúsunum sem lánuðu tækjabúnað var hægt að búa til ansi mikið leikhús úr bíósölum.“

Sjálfstæðissalurinn við Austurvöll

Gamli Sjálfstæðissalurinn, þar sem áður var rekinn skemmtistaðurinn NASA, var gerður upp frá grunni fyrir nokkru og er nú rekinn sem veislusalur í tengslum við Parlament hótelið. Eins og sjá má á heimasíðu hótelsins er salurinn fyrst og fremst kynntur sem veislusalur til

²⁹ Aftur á móti: Um félagið. <https://www.afturamoti.is/about> (sótt 3. júní 2025)

útleigu³⁰ en rekstraraðilar lýsa í spurningakönnun tengdri þessari kortlagningu mikinn vilja til þess að hýsa fleiri sviðslistaviðburði í salnum.³¹

Leigan á salnum samkvæmt verðskrá er há og hafa rekstraraðilar komið til móts við þá sviðslistahópa sem þegar hafa sýnt í salnum með afslætti á salarleigu og niðurfellingu ýmissa kostnaðarliða, svo sem leigu vegna æfinga, öryggisgæslu ofl.

Að minnsta kosti tveir leikhópar settu þar upp verk á síðasta leikári.

Í viðhorfskönnun sagði einn þátttakenda að um væri að ræða „flottan sal sem er gaman að sé í boði“. Annar sagði að salurinn væri rekinn sem veislusalur og væri mjög dýr miðað við stærð. Listamanneskja sem hefur nýtt sér salinn segir baksíð óaðgengilegt.

Gaflaraleikhúsið, Hafnarfirði

Gaflaraleikhúsið rak leikhús við Víkingastræti í Hafnarfirði frá árinu 2011, en húsnæðið var selt undan þeim til niðurrifs fyrir nýja hótélbyggingu sumarið 2023.³² Húsnæðið var innréttað eldra iðnaðarhúsnæði með góðum forsal, breiðu sviði og áhorfendabrekku og rúmaði um 200 gesti í sæti sem er hentug stærð fyrir leikhús af þessu tagi. Fjöldmargir sjálfstæðir leikhópar utan Gaflaraleikhússins sýndu í leikhúsinu á þeim 14 árum sem það var rekið. Eftir lokun leikhússins stendur Tjarnarbíó eitt eftir á höfuðborgarsvæðinu sem leikhús sem helgar sig alfarið sjálfstæðum sviðslistum.

Leikhópur Gaflaraleikhússins hefur fundið leiðir til að koma sýningum sínum á svið frá því þau misstu húsnæði sitt, m.a. í Borgarleikhúsinu og í vetur setja þau upp í Tjarnarbíói.

Pólítískur vilji virðist vera fyrir því hjá bæjaryfirvöldum að áfram þrífist atvinnuleikhús í bænum.³³ Hafnarfjarðabær styrkir Gaflaraleikhúsið um 24.000.000 kr á ári.

Aðstandendur Gaflaraleikhússins segja þau vinna hörðum höndum að því að fá nýtt leikhús í bæinn, enda sé mikilvægt að slíkir innviðir byggist ekki bara upp í miðborg Reykjavíkur. Hafnarfjarðarbær setti á laggirnar starfshóp um síðustu áramót til að gera tillögu að nýju leikhúsi/menningarhúsi í bænum. Á borðinu eru þrjár hugmyndir og um þær segja aðstandendur Gaflaraleikhússins: „Tvær tillögur hljóða upp að breyta húsnæði sem nú þegar

³⁰Heimasíða Parliament hótelsins, <https://www.icelandhotelcollectionbyberjaya.com/is/hotel/reykjavik/iceland-parliament-hotel-1/fundur-og-vidburdir>, sótt í ágúst 2025

³¹ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

³² Frétt á Vísi, 16. júní 2023, <https://www.visir.is/g/20232428801d/syrgja-gaflar-a-leik-husid-aevi-starfinu-fargad->

³³Frétt á Vísi, 16. júní 2023, <https://www.visir.is/g/20232428652d/mikilvaegt-ad-finna-leikhusinu-nytt-husnaedi>

er til í leikhús/menningarhús. Þriðja tillaga hljóðar upp á byggingu nýs leikhús sem væri hrátt og myndi rísa hratt.”³⁴

Í ágúst 2025 var tilkynnt um að Gaflaraleikhúsið fengið æfinga-, kennslu- og skrifstofuaðstöðu í Nýsköpunarsetrinu við Lækinn í Hafnarfirði³⁵ sem leysir vanda þeirra að hluta og tímabundið en enn vantar sýningarrýmið.

Bæjarbío í Hafnarfirði

Bæjarbío í Hafnarfirði er eitt elsta kvikmynda- og menningarhús landsins, nú rekið sem fjölnota menningarvettvangur þar sem fyrst og fremst er lögð áhersla á tónleika, uppistand og aðra slíka viðburði. Sviðslistasýningar rata þó stundum á svið í Bæjarbíói. Salurinn tekur um 200 manns og hentar vel fyrir minni sýningar. Þó staðsetningin sé fyrir utan Reykjavíkurborg, gegnir Bæjarbío mikilvægu hlutverki fyrir menningarlíf á höfuðborgarsvæðinu.

Salurinn í Kópavogi

Þó Salurinn í Kópavogi sé fyrst og fremst tónlistarsalur og sérhannaður sem slíkur er þar stundum tekið á móti sviðslistaviðburðum. Að sögn stjórnanda, Axels Inga Árnasonar, voru milli 6-10 sviðsverk sýnd þar á árunum 2022-2024. Segir hann rýmið henta sérstaklega vel fyrir óperuverkefni eða önnur tónlistartengd sviðsverk með einfalda umgjörð.

Sviðið í Salnum er 9.5 x 4.4 x 9.0 metrar (frekar breitt en grunnt) og möguleiki er á því að bæta við rúmlega meters stækkun framan á svið. Sviðið er örlítið upphækkað og sæti fyrir áhorfendur eru í brekku og á svölum.

Hver sem er getur bókað salinn en að sögn stjórnanda er helsta áskorunin sú að Salurinn er yfirleitt þétt bókaður auk þess að lítið sem ekkert geymslurými er fyrir sviðsmyndir og annan búnað. Samningar um notkun á rýminu eru ýmist almenn leiga eða að gert er samkomulag um hlutdeild í innkomu.

Norræna húsið

Salur Norræna hússins er fjölnotarými sem hannað var til tónleikahalds en samt sem áður hefur hann í gegnum tíðina verið nýttur á hugvitsamlegan hátt fyrir sviðsverk og hentar vel fyrir ákveðna tegund viðburða.

³⁴ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

³⁵ Frétt á heimasíðu Hafnarjarðarbæjar, 14. Ágúst 2025, <https://hafnarfjorur.is/gaflaraleikhusid-faer-adstodu-i-nyskopunarsetrinu-vid-laekinn/>

Nafn Norræna hússins kom ekki oft upp þegar listafólkið svaraði í könnun um hvar það væri að æfa og sýna en skv. svörum Norræna hússins voru 16 eða fleiri sviðsverk sýnd í húsinu á tímabilinu sem spurt er um (2022-2024)³⁶. Þetta misræmi skapast sennilega vegna þess að hluti af þeim viðburðum sem rata í Norræna húsið eru alþjóðlegar gestasýningar og sum þeirra sviðsverka sem þar rata inn myndu sennilega flokkast frekar sem gjörningalist eða þverfagleg list.

Norræna húsið er jákvætt fyrir samstarfi og hefur margt að bjóða en öll dagskrá þar er þó valin inn af stjórnendum hússins sem þýðir að ekki er mögulegt að leigja salina til viðburðahalds án þess að það fari í gegnum listræna stjórnendur. Þá hefur fókus dagskrárgerðar í Norræna húsinu frekar hallast í átt að bókmenntum, myndlist og ráðstefnuhaldi á undanförunum árum, enda nýtist húsnæðið betur undir slíkt. Húsnæðið og innanstokksmunir eru að auki friðaðir svo að það er erfitt að aðlaga rýmið að vissum kröfum sviðslista.

Leikhúsið í Kópavogi

Í Kópavogi er lítið leikhús, falið í miðri íbúabyggð við Funalind 2. Leikhúsið, sem opnaði árið 2008, er í eigu og umsjón Leikfélags Kópavogs sem er áhugaleikfélag. Rekstur húsnæðisins er fjármagnaður með útleigu til ýmissa aðila, þar á meðal einstaka sinnum til sjálfstæðra atvinnuleikhópa.

Föst sæti í salnum eru 59 en með viðbótarsætum rúmar hann allt að 72 í sæti. Sviðið er tæplega 70 fermetrar. „Leikhúsið er búið góðu ljósa- og hljóðkerfi og önnur aðstaða er með ágætum“ skv. heimasíðu Leikfélagsins.³⁷

Svarti kassinn í LHÍ, Laugarnesi

Fyrir nokkrum árum var opnað í húsnæði Listaháskólans í Laugarnesi það sem mörg kalla „besta svarta kassann í Reykjavík“. Hann er rúmgóður og lofthæð prýðileg. Salurinn var sérstaklega hannaður með sviðslistir í huga þegar sviðslistadeild flutti í Laugarnes fyrir nokkrum árum. Í viðtali við stjórnendur LHÍ kom þó skýrt fram að salurinn sé fullnýttur til kennslu og sýninga á vegum skólans yfir kennsluárið og ekki sé rými til að lána hann eða leigja út.

Svarti kassinn í LHÍ sker sig úr á þessum lista þar sem hann hefur í raun ekki verið nýttur af sjálfstæðum sviðslistahópum á tímabilinu sem um er rætt (2022-2024) en það er ekki hægt að sleppa því að telja hann upp þar sem um er að ræða vel út búið sviðslistarými í borginni.

³⁶ Kortlagning á sviðslistarýmum á höfuðborgarsvæðinu 2022-2024, Google Forms könnun send á rekstraraðila leikhúsa og viðburðastaða, 2025

³⁷ Heimasíða Leikfélags Kópavogs, Útleiga: <https://kopleik.is/utleiga/>, sótt í ágúst 2025

Einhverjir sviðslistahópar hafa fengið að æfa þar að einhverju leyti, þó mögulega séu svarendur að vísa til nemendaverkefna, og segja þar vera „frábært æfingarárými, með viðeigandi tæknibúnaði og fjölbreyttum sölum.“ Um svarta kassann góða segja þau hins vegar að það sé mikill galli að hann megi aðeins nota fyrir nemendasýningar.

Þegar skýrsluhöfundur spurði stjórnendur LHÍ hvort einhverjir fletir væru á því að þetta þrýðilega rými nýttist vettvanginum að einhverju leyti sögðu þau að eina tímabilið sem kæmi til greina væri þá yfir hásumarið. Hins vegar myndi þurfa að manna slíka notkun með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn. Þá bentu þau á öllu flóknara úrlausnarefni: aðstaða til að taka á móti sýningargestum er alls ekki góð og aðgengi mjög ábótavant. Hvoru tveggja yrði erfitt að breyta svo ásættanlegt væri nema með ærnum tilkostnaði. Þegar þau voru spurð að því hvort þau sæju fyrir sér að húsnæðið í Laugarnesi gæti orðið framtíðarhúsnæði fyrir sjálfstæðar sviðslistir þegar skólinn kæmist í varanlegt húsnæði annars staðar var það samdóma álit stjórnendanna að til þess að svo gæti orðið þyrfti að taka húsnæðið í gegn frá grunni. Nefndu þau hljóðvist/hljóðmengun, aðgengismál og lekavandamál meðal þess sem stæði húsnæðinu fyrir þrifum.

Önnur æfinga- og sýningarými

Fjöldi annarra æfinga- og sýningarýma voru nefnd í þeim könnunum sem lagðar voru fyrir sviðslistafólk. Fyrir utan þau sem hér að ofan eru talin voru flest aðeins nefnd einu sinni. Hafa skal í huga að margir hópar neyðast til þess að nýta sér nokkur rými á sama æfingaferli og eru oft á töluverðum hrakhólum.

Mjög margir hópar æfa að hluta í heimahúsum, skólahúsnæði ýmiss konar (framhaldsskólum, tónlistarskólum ofl.), í mótuneytum fyrirtækja, iðnaðarhúsnæði og íþróttahúsum. Kramhúsið var nefnt oftast en einu sinni og var sagt: „Gott, en frekar dýrt á tímann og ekki aðgengilegt hreyfihömluðum.“ Mengi er listamannarekið rými í miðborginni sem er opið fyrir því að hýsa sviðlistir en hentar fáum verkefnum þar sem rýmið er afar lítið og lágt er til lofts.

Mörg óhefðbundnari rými voru nefnd, eins og barirnir Kiki Queer Bar, Lemmy's, Gaukurinn og Smekkleysa. Þó enginn þessara staða sé sérstaklega vel út búinn fyrir sviðslistir hentar þessi gerð af vettvangi ákveðnum gerðum smærri sýninga vel. Bíó Paradís, Listasafn Íslands og margir fleiri óhefðbundnir staðir voru nefndir auk þess sem nokkrir hópar hafa unnið verkefni utanhúss.

Rétt er hér að lokum að nefna **Austurbæjarbíó**, sem síðsumars 2025 var enduroppnað sem viðburðastaður eftir að hafa í nokkur ár verið rekið sem skemmti- og veitingastaður. Fyrst um sinn virðist áherslan helst vera á tónlist en vonandi opnast þar möguleikar á nýjum sýningarstað í flórana.

6. Þarfagreining

Hér á eftir fer stutt samantekt og greining á svörum þátttakenda í spurningakönnunnum, viðtölum við stjórnendur stofnana og annarri rannsóknarvinnu. Lögð er áhersla á annars vegar þær áskoranir sem listafólkið telur sig standa frammi fyrir hvað varðar húsnæðismál og hins vegar hvaða drauma og framtíðarsýn það hefur í þessum efnum.

Helstu áskoranir

Draga má stöðuna í dag og helstu áskoranir vettvangsins hvað varðar húsnæðismál saman í þessi helstu atriði:

- **Mikill skortur á rýmum:** Nánast allt listafólk sem svarar könnun segir mjög mikinn eða nokkuð mikinn skort á hentugu húsnæði til æfinga og sýninga á sviðslistum (96,1%) og í sama streng taka rekstraraðilar leikhúsa og viðburðarstaða. Valkostirnir í dag eru einfaldlega of fáir. 86,3% svarenda nefna skort á heppilegu húsnæði sem mikla áskorun.³⁸ 62,7% svarenda sögðu að skortur á sýningarrýmum hefði bein áhrif á hversu oft sýningar þeirra eru sýndar. Meiri skortur er á sýningarrýmum en æfingarrýmum.
- **Erfitt að komast að / há leiga:** Þau rými sem eru til staðar eru annað hvort svo rækilega umsetin að erfitt er að komast þar að eða þá að kostnaður við að leigja þau er óyfistíganlegur. 52,9% svarenda viðhorfskönnunar nefna það sem eina af sínum helstu áskorunum hversu erfitt að komast að í sýningarrýmum.
- **Tækjabúnaður óviðunandi og ekkert geymslupláss:** Í æfinga- og sýningarrýmum sviðslista er almennt hvorki að finna ásættanlegan tækjabúnað né geymslurými. Þetta gildir meðal annars um Tjarnarbíó þar sem aðkallandi er að endurnýja búnað án tafar.
- **Rými uppfylla ekki öryggiskröfur og eru ekki aðgengileg:** Mörg rými sem verið er að nýta uppfylla hvorki lágmarks öryggis- né heilbrigðiskröfur, hvað þá kröfur um aðgengi.
- **Ófyrirsjáanleiki:** Mikill ófyrirsjáanleiki einkennir húsnæðismál sjálfstæðra sviðslistahópa á Íslandi sem leggst ofaná brothætta stöðu hvað varðar fjármögnun almennt. Hópar sem hafa fengið rými til umráða lifa í stöðugum ótta um að missa húsnæðið (sbr. Hringleikur, Tóma rýmið og Gaflaraleikhúsið -sem reyndar þegar hefur misst sitt húsnæði).
- **Hörð samkeppni um samstarfssamninga við stóru stofnanirnar:** Samstarf við sviðslistastofnanirnar er eftirsóknarvert þar sem það er í raun eina leið sviðslistahópa til að fá aðgang að vönduðum tækjabúnaði og góðum leiksviðum fyrir uppsetningar sínar. Mjög fáir hópar komast hins vegar að á hverju leikári og ekki er mögulegt fyrir leikhúsin að bjóða fleirum slíka samninga.

³⁸ Tölfræði úr könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

- **Verk fyrir börn verða útundan:** Bent er á að hópar séu „upp á náð og miskunn félagasamtaka, bæjar/borgaryfirvalda með æfingahúsnæði á viðráðanlegu verði og Tjarnarbiós og stóru leikhúsanna með sýningarpláss.“ Þessi staða er talin koma einna verst niður á sjálfstæðum hópum sem gera verk fyrir börn „því sviðslistir fullorðinna hafa forgang“.³⁹
- **Skortur á upplýsingum:** Hvergi er miðlægt hægt að sækja upplýsingar um hentug æfinga- og sýningarrými.
- **Skortur á starfsöryggi:** Skortur á viðeigandi æfinga- og sýningarrýmum hefur bein áhrif á starfsöryggi sjálfstætt starfandi sviðslistafólks. Erfitt er að byggja upp sjálfbæran starfsferil til lengri tíma, sem leiðir til brottfalls og „spekileka“ þar sem dýrmæt reynsla og þekking tapast úr greininni.

Þarfir og óskir listafólks

Í viðhorfskönnun var listafólk spurt: Hvers konar rými væri þú eða hópurinn þinn líklegastur til að nýta sér? Svarendur máttu haka við allt að þrjá valkosti:

Lítið stúdíó ⁴⁰ (<50 m²)	4 svör	7,8%
Millistórt stúdíó (50-100 m²)	16 svör	31,4%
Stærra stúdíó (>100 m²)	12 svör	23,5%
Lítið „black box“/svartur kassi (50-100 áhorfendur)	21 svör	41,2%
Millistórt „black box“/svartur kassi (100-200 áhorfendur)	38 svör	74,5%
Stærra „black box“ / svartur kassi (> 200 áhorfendur)	19 svör	37,3%
Stórt hefðbundið leiksvið (<i>proscenium</i>)	4 svör	7,8%
Óhefðbundnari rými	24 svör	47,1%

Eins og sjá má er skýrt ákall eftir **svörtum kassa** af vettvangi sviðslista. Þrír af hverjum fjórum svarendum óska helst eftir millistórum svörtum kassa sem rúmar 100-200 áhorfendur. 41% óskuðu eftir minni svörtum kassa. Þá er áhugavert að benda á að tæplega helmingur, 47,1%, segist helst myndu nýta sér **óhefðbundnari rými**. Mjög mörg nefna að það vanti **hrárri rými** sem uppfylla þó kröfur um öryggi og hreinlæti en þurfi ekki að vera glæsihallir. „10x10 metra rými með rafmagni, hljóðkerfi og brunaöryggi – það væri stórt skref“⁴¹ segir einn þátttakenda. Mörg nefna svo sérstaklega að slík rými megi ekki vera á forsvari stofnanaleikhúsanna.

³⁹ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

⁴⁰ Stúdíó = Æfingarrými / salur sem er ekki endilega hannað til að taka á móti áhorfendum.

⁴¹ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).

Nýlegar fréttir af áformum stjórnvalda um viðbyggingu við Þjóðleikhúsið eru svo sannarlega fagnaðarefni. Rétt er að árétta að sú aðgerð mun ekki leysa húsnæðisvanda sjálfstæðu senunnar. Þegar Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri er spurður hvort nýja sviðið muni opna fleiri möguleika á samstarfi við sjálfstæða leikhópa svarar hann: „Þessi nýja aðstaða er langþráð og mun stórbæta aðstöðu leikhússins til að sinna sínum skyldum. Með þessu eykst svigrúmið við eigin uppsetningar og vonandi mun það að auki auðvelda okkur að taka vel á móti samstarfsverkefnum, að gefa þeim meiri tíma, meira rými og enn betri þjónustu. Þörfin fyrir nýjan svartan kassa snýst fyrst og fremst um að bæta sýningarrými þjóðleikhússins og það mun einnig auðvelda þjóðleikhúsinu að hýsa 1-2 óperusýningar í húsinu og mögulega eina samstarfssýningu til viðbótar. Það á þó allt eftir að koma í ljós“.^[1]

Fyrir utan þrástefið um svartan kassa eru hér nokkrar þeirra hugmynda sem listafólk nefndi í viðhorfskönnun og samtölum um hvað gæti bætt stöðuna í húsnæðismálum sviðslista:

- **Danshús/sviðslistahús** er ítrekað nefnt, enda hafa slíkir draumar lengi verið uppi. Á Íslandi hefur aldrei verið byggt sérstaklega útbúið húsnæði fyrir danslist og þykir mörgum kominn tími til. Fagfólk í dansi, sem er sístækkandi hópur, talar margt um að þeim þyki framgangi danslistarinnar á Íslandi haldið niðri vegna þessa og að um mismunun listgreina sé að ræða. Þessi sjónarmið koma meðal annars fram í rannsókn Lilju Bjarkar Haraldsdóttur *Danshús á Íslandi – næstu skref*⁴² frá árinu 2023 þar sem áréttað er að danslistin sé ein fárra listgreina sem skortir varanlegt heimili. Þar er því haldið fram að *Danshús* gæti „leyst húsnæðisvanda Íslenska dansflokksins, Reykjavík Dance Festival og sjálfstæðu dans-senunnar að miklu leyti ef vel er hugað að skipulagi og uppskiptingu rýmis.“

Lovíska Ósk Gunnarsdóttir, listdansstjóri⁴³ segir að mikil samstaða ríki nú innan danssamfélagsins og að „augljós samlegðaráhrif“ gætu skapast með því að sameina lykilaðila vettvangsins – Íslenska dansflokkinn, Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival – undir einu þaki í Danshúsi. Slík samsetning krefðist þó vandaðrar útfærslu á rekstrarformi svo „allar stofnanir haldi sínu frelsi á sama tíma og þær vinna saman að því að gera Reykjavík að höfuðborg dansins í Evrópu“.

Rætt hefur verið um að í framtíðinni væri eðlilegt að ÍD rynni inn í nýja stærri sviðslistastofnun með Þjóðleikhúsi og Óperunni sem nú þegar eru komin í eina sæng.⁴⁴ Spurningar vakna um hvernig þau áform hafa áhrif á hugmyndir um danshús. Það má segja að í bili sé einhvers konar biðstaða í húsnæðismálum dansins.

⁴² Lilja Björk Haraldsdóttir: *Danshús á Íslandi – næstu skref*. Rannsókn unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna í samstarfi við Dansverkstæðið og Íslenska dansflokkinn, 2023.

⁴³ Úr tölvupóstsamskiptum við Lovísku Ósk Gunnarsdóttur stjórnanda Íd, apríl 2025.

⁴⁴ Einfaldað, hagrætt og sameinað hjá MNH“, Stjórnarráðið, 5. september 2025: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/09/05/Einfaldad-hagraett-og-sameinad-hja-MNH/>

Listdansstjóri leggur áherslu á að „standa verði vörð um listrænt og fjárhagslegt frelsi hverrar einingar og jafnræði“, verði af samruna við Þjóðleikhús. Það sé „forsenda þess að listgreinarnar geti þróast á eigin forsendum og óháð lögmálum annarrar greinar“. Hún nefnir jafnframt að jafnræði í aðgengi að sviðum og æfingarrýmum, stöðugildum og fjármagni skipti þar höfuðmáli.

- **Styðja þarf betur við þau rými sem þegar þjóna sjálfstæðu senunni** (Tjarnarbíó, Dansverkstæðið, Tóma rýmið) svo þau geti rækt mikilvæg hlutverk sín.
Skapa þarf miðlægan upplýsingavettvang um heppilegt húsnæði fyrir sviðslistir.
- **Þörf er fyrir rými þar sem sjálfstæðir leikhópar geta þróað verk frá hugmynd til frumsýningar.** Ein helsta sérstaða sviðslista er þörfin fyrir rými sem má taka yfir í jafnvel 2-3 mánuði til æfinga og sýninga þar sem leikmyndir mættu standa uppi yfir lengri tíma. Slík aðstaða myndi þjóna sköpunarferli margra hópanna vel en er flókið í framkvæmd þar sem ekki væri hægt að æfa eða sýna annað í rýminu á meðan á æfingartímabili stæði.
- **Listafólk sem gerir tónlistarleikhús og óperu bendir á þörfina fyrir sýningarými** sem bæði hafa aðstöðu fyrir hljóðfæraleikara og rúma nægilega marga áhorfendur til að umfangsmeiri sýningar eigi möguleika á að bera sig. (Um 300 áhorfendur)
- **Mikilvægt er að auka faglegt samstarf** milli stofnana og sjálfstæðra skipulagsheilda í sviðslistum, t.d. í formi meðframleiðslu
- **Harpa þyrfti að vera aðgengilegri** fyrir sjálfstæða hópa sem gera tónlistarleikhús og óperur bæði til æfinga og sýninga.
- **Þörf er fyrir fleiri rými sem eru rekin svipað og Dansverkstæðið**, og þá með sýningarrýmum.

7. Tillögur til úrbóta í húsnæðismálum sviðslista á höfuðborgarsvæðinu

Ljóst er að þörf á úrbótum í húsnæðismálum sjálfstæðra sviðslista er mikil og það er áríðandi að bregðast við henni án tafar. Sumt er hægt að gera strax án mikils tilkostnaðar. Stærri hugmyndir líkt og draumurinn um danshús þurfa lengra tilhlaup og undirbúningsvinnu. Tillögurnar hér hafa mótast í samtölum við ýmsa aðila á vettvangi. Það er einlæg ósk skýrsluhöfundar að þær verði teknar alvarlega og að þeim verði hrint af stað sem fyrst.

TILLAGA 1: Fullnýting rýma í opinberri eigu

Leita þarf allra leiða til að fullnýta það húsnæði sem þegar er í opinberri eigu og hentar til æfinga og sýninga á sviðslistum. Með því að hámarka nýtingu þeirrar fjárfestingar sem þegar hefur verið lögð í innviði má að nokkru marki bregðast hratt við brýnustu húsnæðisþörf sjálfstæðu sviðslistasenuunnar án verulegs tilkostnaðar.

1.1. *Nýr sviðslistakjarni: Sameina rekstur lðnó og Tjarnarbíós undir einum hatti.*

Samningur við núverandi rekstraraðila lðnó rennur út 2026. Lagt er til að Reykjavíkurborg taki húsnæðið aftur til sín og bjóði sem framlag til sjálfstæðra sviðslista og listahátíða í borginni og að ríkið stigi inn með rekstrarstyrk.

Tjarnarbíó taki yfir rekstur lðnó og nýti sem æfinga- og sýningahúsnæði yfir veturinn og hafi útleigutekjur af húsnæðinu yfir sumartímann. Í lðnó er hægt að æfa tvö sviðsverk samhliða við prýðilegar aðstæður auk þess sem rýmið hentar afar vel til sýninga á uppistandi, tónleikum og öðrum tekjuskapandi viðburðum. Tjarnarbíó sjálft mun þá nýtast að fullu fyrir þær gerðir sýninga sem þurfa á fullbúnu leikhúsi að halda og þar gefst þá svigrúm til þess að æfa lengur á sviði líkt og kallað er ákaft eftir af vettvangi.

Við samruna Tjarnarbíós og lðnó skapast ekki bara öflugri rekstrargrunnur fyrir sjálfstæðar sviðslistir heldur getur þar orðið til **nýr og öflugur sviðslistakjarni** (væntanlega undir nýju nafni) sem mögulega getur líka stigið inn í meðframleiðsluhlutverk og/eða samstarf við sjálfstætt starfandi hópa sem setja upp sýningar í óhefðbundnum rýmum og í öðrum borgarhlutum. Þannig má auka slagkraftinn í kynningarmálum og nýta betur hverja krónu sem er veitt inn á vettvanginn af opinberu fé.

Í lðnó skapast líka möguleiki á því að lána eða leigja út skrifstofuaðstöðu fyrir t.d. hátíðir, hagsmunafélög og sviðslistahópa til lengri eða skemmri tíma.

ÁBYRGÐ: Reykjavíkurborg, Tjarnarbíó, SL með mögulegum stuðningi frá ríki.
TÍMI: Undirbúningur 2025-2026 - framkvæmd haustið 2026.

1.2. Tilraunaverkefni: Listamannadvöl fyrir sviðslistahópa í óhefðbundnum rýmum

Lagt er til að Reykjavíkurborg standi að tilraunaverkefni þar sem sviðslistahópar sækja um afnot af óhefðbundnum rýmum í eigu borgarinnar í nokkrar vikur í senn.

Lagt er til að menningarskrifstofa Reykjavíkurborgar hafi frumkvæði að því að safnað verði saman upplýsingum um rými sem henta til æfinga og sýninga á sviðslistum, byggt á kortlagningu sem þegar er komin af stað hjá borginni um rými í eigu borgarinnar⁴⁵. Fundin verði leið til þess að koma þessum upplýsingum til skila með skilvirkum hætti til listafólks. Eins og einn þátttakenda í viðhorfskönnun sagði: „[Það] mætti vera einhver milligönguliði sem hjálpar fólki að finna rými sem eru ekki í notkun sem gætu nýst fyrir listir.“

Í kjölfarið verði ráðist í að gera opið umsóknaferli þar sem hópar sækja um að taka yfir valin rými í tiltekinn vikufjölda. Þessi rými mega gjarnan vera utan miðborgarinnar. Listafólkinu/hópunum byðist að nýta sér rýmin að kostnaðarlausu -gegn því til dæmis að skila einhverju af sér til nærsamfélagsins í viðkomandi hverfi (vinnusmiðja/námskeið, sýning á verki í vinnslu, móttaka skóláhópa).

Mikilvægt er að þessi rými standist öryggis- og heilbrigðiskröfur og séu ásættanleg og notaleg vinnurými sem hópurinn gæti haft greiðan aðgang að á meðan á listamannadvölinni stendur (að lágmarki í 2-3 vikur). Sem örfá dæmi um staði sem kæmu til greina í slíkt verkefni mætti nefna **fjölnotasalinn Miðgarð** í bókasafninu í Úlfársárdal, **Berg** í Gerðubergi og **Hlöðuna** við Gufunesbæ.⁴⁶ Þá kæmi til greina að **Harpa** tæki þátt í þessu verkefni.

Ilmur Dögg Gísladóttir, deildarstjóri í Gerðubergi segir: „Við höfum mikinn áhuga á því að vera í meira samstarfi við sviðslistahópa og getum verið "partner" í umsóknum og stutt þannig við grasrótarstarf. Eins erum við opin fyrir því að hýsa hópa sem vinna að undirbúningsvinnu fyrir sviðslist og getum þá lánað vinnurými og fengið þá í staðinn viðburð á dagskrá.“⁴⁷

ÁBYRGÐ: Menningarskrifstofa Reykjavíkurborgar hefur frumkvæði. Finna þarf umsjónaraðila með verkefninu sem auglýsir, tekur á móti umsóknum og úthlutar rýmum/listamannadvölum.

TÍMI: Undirbúningur 2025-2026 - framkvæmd haustið 2026.

⁴⁵ Munnlegar upplýsingar frá Arnfríði Sólrúnu Valdimarsdóttur, skrifstofustjóra menningarskrifstofu Reykjavíkurborgar, vorið 2025.

⁴⁶ Borgarbókasafn Reykjavíkur, <https://borgarbokasafn.is/vantar-thig-adstodu/viltu-leigja-sal-eda-fundarherbergi>

⁴⁷ Tölvupóstsamskipti við Ilmi Dögg Gísladóttur, deildarstjóra á Gerðubergi, febrúar 2025.

TILLAGA 2: Svartur kassi - Nýtt sýningarrými á höfuðborgarsvæðinu

Þó gerð yrði gangskör í að styðja betur við rekstrargrundvöll núverandi rýma eins og Tjarnarbíós (t.d. með samruna við lðnó), Dansverkstæðisins og Tóma rýmisins er raunverulegur húsnæðisvandi senunnar enn til staðar. Það sárvantar svartan kassa: Sveigjanlegt, hrátt og aðgengilegt rými með góðri lofthæð og grunn-tækjabúnaði sem uppfyllir heilbrigðis- og öryggiskröfur og sem rúmar um það bil 200 áhorfendur. Eitt slíkt rými myndi umbylta aðstöðu sjálfstæða geirans í sviðslistum.

Nokkrir möguleikar á svörtum kassa:

Hér eru dregnir fram nokkrar mögulegar leiðir að því að koma upp nýjum svörtum kassa á höfuðborgarsvæðinu. Listinn er ekki tæmandi en sýnir að fleiri en ein leið er í boði.

- **Möguleiki 1: Finna heppilegt rými sem þegar er í eigu ríkis, borgar eða sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu, sem mögulegt er að breyta í svartan kassa með lítilli fyrirhöfn.** Þó flest listafólk kalli eftir sýningarrými miðsvæðis í borginni eru fjölmenn úthverfi eða nágrannasveitarfélög líka möguleiki. Þessa útfærslu mætti keyra sem tilraunaverkefni til að byrja með en mikilvægt er að hægt yrði að festa rýmið til lengri tíma ef vel gengur.
- **Möguleiki 2: Við uppbyggingu nýs Listaháskóla verði ráðist í að gera svartan kassa sem rekinn yrði sem sjálfstætt sviðslistarými í tengslum við skólann en þó á forsvari t.d. nýs sviðslistakjarna (ef af samruna Tjarnarbíós og lðnós yrði). Þessi hugmynd var rædd sérstaklega á fundi skýrsluhöfundar með stjórnendum LHÍ í febrúar 2025⁴⁸. Öll voru sammála um að slíkt fyrirkomulag gæti nært skólastarfið og styrkt tengsl við vettvanginn en þó slógu þau skýra varnagla varðandi mögulega hagsmunaárekstra, togstreitu um rými (ef salurinn væri líka nýttur sem kennslurými), ímyndarvanda, mönnun, kostnað ofl. En hugmyndina má samt kanna betur. Fordæmi eru fyrir því í erlendum háskólum (t.d. í Bretlandi) að sjálfstæð leikhús séu rekin á háskóla-kampusum.**
- **Möguleiki 3: Gera ráð fyrir svörtum kassa við uppbyggingu nýs byggðakjarna/hverfis.** Svo virðist sem oft gleymist að gera ráð fyrir menningarrýmum við uppbyggingu nýrra íbúðakjarna/hverfa. Svartur kassi með tilheyrandi starfsemi og sýningum (meðal annars fyrir börn) getur orðið að mikilvægum samkomustað og lífæð fyrir ný íbúðahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Hagkvæmt getur verið að skoða byggingu slíks rýmis í tengslum við aðra uppbyggingu (skólabyggingar, bókasöfn, íþróttamannvirki t.d.).

⁴⁸ Viðtal við Kristínu Eysteinsdóttur rektor LHÍ, Hauk Björnsson framkvæmdastjóra LHÍ og Unu Þorleifsdóttur deildarforseta sviðslistadeildar skólans, febrúar 2025.

- **Möguleiki 4: Sérhæft sýningarrými fyrir dans, barnaleikhús eða sirkus.** Vel má hugsa sér að byggja upp sýningarrými (til dæmis í einu úthverfa borgarinnar eða nágrannasveitarfélögum) þar sem skýr stefna er sett með eðli starfseminnar. Til dæmis sérhæft dansrými, barnaleikhús eða sýningarrými fyrir sirkus. Slíkt framtak gæti verið samstarfsverkefni viðkomandi sveitarfélags og ríkisins.

ÁBYRGÐ: Reykjavíkurborg eða annað sveitarfélag og Menningarráðuneyti í samstarfi.
TÍMI: Lítil vinnuhópur vinnur undirbúning 2025-2026
 Framkvæmd veturinn 2026-2027

TILLAGA 3: Móta skýra framtíðarsýn í húsnæðismálum dansins / Danshús.

Af vettvangi er hrópað hátt eftir sérútbúnu danshúsi, sem aldrei hefur verið til á Íslandi. Fyrirmyndir að danshúsum eru víða – t.d. á Norðurlöndum. Íslenski dansflokkurinn, Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival hafa lýst yfir vilja til samstarfs í þessum efnum sem lýsir þeirri samstöðu sem ríkir á vettvangi danslistar í þessum málum.

Eins og kemur fram fyrir í þessari skýrslu hafa stjórnvöld nýlega lýst yfir vilja til þess að sameina rekstur Íslenska dansflokksins undir Þjóðleikhúsi líkt og nú þegar hefur verið gert með nýju óperuna. Ekki er enn ljóst hvað slíkt þýðir fyrir Íd sem hefur á undanförunum árum leigt aðstöðu í Borgarleikhúsinu. Samt sem áður er mikilvægt að ekki verði beðið með að móta framtíðarsýn í húsnæðismálum danslistar á Íslandi.

ÁBYRGÐ: Menningarráðuneyti í samstarfi við Íd og aðra fagaðila.
TÍMI: 2026-

TILLAGA 4: Færanlegt leiksvið

Lagt er til að fjárfest verði í að minnsta kosti einu færanlegu leiksviði með sviðspalli af viðunandi stærð, riggi fyrir ljósabúnað, einföldum ljósa- og hljóðbúnaði og leiktjöldum. Búnaðurinn þyrfti að rúmast í litlum sendibíl. Slíkt farandsvið myndi gera hópum kleift að setja upp sýningar við nánast hvaða aðstæður sem er og opna þannig nýja möguleika á að auka aðgengi að sviðslistum á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land.

Sérstaklega myndi þetta nýtast leikhópum sem gera sýningar fyrir börn og þeim sem vilja ferðast með sýningar í úthverfi og út um land. Hópar gætu leigt sviðið fyrir hóflegt gjald, en umsjón með leigu og viðhaldi gæti verið í höndum tækjaleigu (með sérstökum rekstrar- eða kaupleigusamningi) eða annars stóru leikhúsanna. Einnig mætti skoða að fela Sviðslistamiðstöð, SL eða nýjum sviðslistakjarna bókanir og umsýslu.

ÁBYRGÐ: Reykjavíkurborg og Menningarráðuneyti.
TÍMI: Undirbúningur 2025-2026 - framkvæmd 2026-2027

8. Lokaorð

Að lokinni þessari rannsóknarvinnu má ljóst vera að helsti vandi sviðslistasenuunnar á Íslandi er skortur á leiksviðum. Það má heita blóðugt að jafnvel hópar sem hlotið hafa góða framleiðslustyrki úr opinberum sjóðum eigi í vandræðum með að finna viðunandi sýningarstaði og æfingaaðstöðu fyrir verkefni sín. Úreltur búnaður, skortur á geymsluplássi og takmarkaður æfingatími setja líka hömlur á sköpunarferlið og í sumum tilfellum neyðast hópar til að hætta sýningum fyrir fullu húsi. Verðmæt vinna fagmenntaðs listafólks nær í sumum tilfellum ekki að blómgast: Verk komast ekki á svið, eru sýnd ófullgerð og/eða við óviðunandi aðstæður. Þekking og fjárfesting samfélagsins í menntun listafólks fer þannig að nokkru leyti forgörðum og fátt listafólk nær að taka út fullan þroska í sínu fagi áður en þau hrökklast í önnur störf.

Ljóst er að húsnæðisvandi sviðslista er margþættur og viðvarandi. Vettvangurinn gerir þó hóflegar kröfur: Eitt sveigjanlegt leiksvið, svartur kassi sem rúmar 100–200 áhorfendur, myndi umbylta starfsumhverfi sjálfstæðra sviðslista – fái rýmið að vera á forsvari þeirra sjálfra.

Þrátt fyrir að tvær stórar leikhúsbyggingar séu reknar fyrir almannafé í Reykjavík, og mikilvægt sé að búa sem best að þeim, eru sem fyrr segir flest ný íslensk sviðsverk frumsýnd utan þeirra. Sjálfstæðir sviðslistahópar draga listina nær fólki, tryggja fjölbreytileika á vettvanginum, eru jarðvegur tilrauna og frumsköpunar og gefa ungu og jaðarsettu listafólki tækifæri sem oft erfitt er fyrir stóru húsin að sinna.

Til að listin í landinu geti dafnað þarf hún rými, bæði bókstaflega og í yfirfærðri merkingu. Eins og reynslumikil listakona orðaði það í viðhorfsskönnun: „Rými koma með súrefni, opna fyrir hugmyndir og sköpun. Tengja fólk, gefa fólki tækifæri.“⁴⁹

⁴⁹ Tilvitnun í þátttakanda í könnuninni *Þarfagreining á sviðslistarýmum* (Google Forms, 2025).